



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. apríl 2007 – 102. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Enga nýja Biblíu



Gunnar í Krossinum keypti fimm kassa af Biblíunni frá 1982.
FÓLK 34

Tilgangslaus talsetning

Steinn Ármann Magnússon gefur lítið fyrir íslenskt tal Simpson-fjölskyldunnar.
FÓLK 34




Bjarna til ráðgjafar

„Ný ríkisstjórn ætti líka að gera Bjarna Ármannsson, bankastjóra, að sérstökum ráðgjafa um hvernig best sé að útrýma kynbundnum launamun,“ segir Össur Skarphéðinsson.
Í DAG 16


Fylkir og ÍR fallin í fyrstu deild

Það ræðst ekki fyrir en í lokaumferð DHL-deild karla hvort Valur eða HK verður Íslandsmeistari. Fylkir og ÍR féllu hins vegar úr deildinni í gær.
ÍÞRÓTTIR 29

VEÐRIÐ Í DAG



ÉL NYRÐRA - Í dag verður norðaustan strekkingur norðaustan til annars hægarí. Él norðan til en smáskúrir á landinu sunnan og suðvestanverðu. Bjart með köflum sunnan og austan Vatnajökuls. Hiti 2-6 stíg syðra annars hiti nálægt frostmarki.
VEÐUR 4



Á KAFI Í AUR Allir sem vettlingi gátu valdið voru kallaðir til aðstoðar eftir aurskriðuna á Sauðárkróki í gær. Hér er verið að losa jeppa sem fór á kaf í aurinn. Vatnsstokkur sem liggur frá stíflunni í Gönguskarðsárvirkjun fyrir ofan bæinn gaf sig þannig að vatn streymdi niður hlíðina og bar mikinn jarðveg með sér.
 MYND/GUDNÝ JÓHANNESDÓTTIR

Vatnsstokkur sprakk með þeim afleiðingum að aurskriða féll á Sauðárkróki í gær:

Hlíðin rann niður í heilu lagi

HAMFARIR Milljónatjón varð þegar aurskriða féll á Sauðárkróki í gærmorgun. Enginn slasaðist en í það minnsta sjö hús skemmdust. Vatnsstokkur fyrir ofan bæinn sprakk með þeim afleiðingum að vatn sprautaðist út með miklum krafti og bar úr með sér á leið sinni niður hlíðina. „Ég vaknaði þegar stokkurinn gaf sig og sá vatnsspýjuna lenda á glugganum mínum,“ segir

Lúdvík Friðgeirsson, sem býr við Lindargötu þar sem skriðan féll. Hús Lúdvíks, sem er elsta húsið á Sauðárkróki, er óbúðarhæft eftir skriðuna enda er rafmagnsinntakið í kjallaranum á kaf í aur. Nokkrar aðrar fjölskyldur í hverfinu þurfa einnig að yfirgefa heimili sín tímabundið. Hátt í fjörutíu björgunarsveitarmenn, auk slökkviliðs- og


lögrelumanna, tóku þátt í hreinsunaraðgerðum í gær. Kristján Baldursson, fulltrúi sýslumannsins á Sauðárkróki, segist hafa séð fólk hlaupa með börn út úr húsum sínum þegar flaumurinn var sem mestur. „Ég sá skriðuna taka með sér tré og lenda síðan á bíl. Það er vonandi að eignatjónið verði sem minnst þegar upp er staðið,“ segir hann.
 - sfs / sjá síðu 6

Sjálfstæðisflokkurinn eftirsóttastur í stjórn

Ríflega þriðjungur aðspurðra í skoðanakönnun Fréttablaðsins vill að stjórnarflokkarnir sitji áfram í ríkisstjórn. Nær sjötíu prósent vilja ríkisstjórn með þátttöku Sjálfstæðisflokksins. Stuðningur við ríkisstjórn Samfylkingar og VG dalar.

SKOÐANAKÖNNUN Tæp 35 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast vilja sjá áframhaldandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks eftir næstu kosningar. Mestur er stuðningurinn meðal kjósenda Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Stuðningur við ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur dalað aðeins frá síðustu könnun blaðsins þegar 30,2 prósent sögðust vilja slíka ríkisstjórn. Nú segjast 22,2 prósent vilja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Skýringuna á minna fylgi við slíka stjórn má helst finna í því að nú

eru fleiri kjósendur þessara tveggja flokka sem vilja ríkisstjórnarsamstarf síns flokks við Sjálfstæðisflokkinn. Alls segjast 67,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja einhvers konar ríkisstjórn með þátttöku Sjálfstæðisflokksins og 44,7 prósent sögðust vilja ríkisstjórn með þátttöku Vinstri grænna. 39,5 prósent segjast vilja ríkisstjórnarsamstarf með þátttöku Samfylkingar og 37,2 prósent með þátttöku Framsóknarflokks. 8,3 prósent sögðust vilja ríkisstjórn með aðild Frjálslynda flokksins og 3,4 prósent vildu stjórn með Íslandshreyfingunni.
 - ss / sjá síðu 4



Landspítali – háskólasjúkrahús: Fíkniefni seld sjúklingum

HEILBRIGÐISMÁL Fíkniefnasalar smygla eiturlyfjum til sjúklinga sem eru til meðferðar á Landspítalanum. Starfsmenn hafa fundið pakka með fíkniefnum sem ætlaðir eru sjúklingum á lóð spítalans, auk þess sem notaðar sprautunálar finnast oft við byggingar hans. „Á meðferðarstofnunum er alltaf nokkuð um neyslu,“ segir Bjarni Össursson, yfirlæknir vímuefnadeildar við geðsvið Landspítalans. „Við verðum að hafa augun opin því þetta gerist reglulega hvar sem er.“ Hann segir um afmarkaðan hóp fólks að ræða sem sé í harðri neyslu.
 - shá / - sfs / sjá síðu 2

Forstjóri Alþjóðabankans: Fær að sitja áfram í starfi

WASHINGTON, AP Stjórn Alþjóðabankans lýsti því yfir í gærkvöldi að hún hefði miklar áhyggjur af áhrifum hneykslismála Pauls Wolfowitz á orðspor bankans. Hins vegar verður hann ekki rekinn úr embætti forstjóra Alþjóðabankans að svo stöddu. Sjálfur hefur Wolfowitz gefið til kynna að hann muni ekki hætta af sjálfsdáðum. „Þetta er mikilvægt starf og ég ætla mér að halda því áfram,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær.
 - kóp

Wolfowitz hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir að greiða fyrir framgöngu ástkonu sinnar innan bankans. Hann hefur beðist afsökunar á misferlinu, sem er nú rannsakað nánar.



OLMERT OG ABBAS Leiðtogarnir hittust á tímamótafundi í Jerúsalem í gær.

Ísrael og Palestína: Olmert og Abbas ræddu málin

Jerúsalem, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, ræddi við Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, í gær. Þetta er í fyrsta skipti í sex ár sem þeir hittast að máli. Leiðtogarnir voru „afar jákvæðir“ eftir viðræður um ferðafrelsi og viðskiptahindranir, en einnig tæptu þeir á möguleikanum á sjálfstæðu palestínsku ríki. Slíkt hafa leiðtogarnir ekki rætt síðan árið 2001. Það vakti athygli á fundinum þegar þeir Abbas og Olmert skipuðu aðstoðarmönnum sínum afsíðis og spjölluðu í einrúmi í klukkustund.
 - kóp

BURT MEÐ ÓRÉTTLÁTT KVÓTAKERFI

XF
 Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is



Arni, hvaða stórlax er nú skemmtilegastur?

„Söngvarinn Eric Clapton er svona efst í huga. Síðan finnst mér líka tutugu punda stórlaxinn í ánni Kolu í Rússlandi mjög skemmtilegur.“

Arni Baldursson forstjóri Lax-á ehf. tekur á móti tónlistarmanninum Eric Clapton sem veidir árlega í Laxá á Ásum.

Þingmaður í óhappi:

Kristinn H. velti bíl sínum

UMFERÐ Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður velti bíl sínum við Steingrímsfjarðarheiði í fyrra-



KRISTINN H. GUNNARSSON

kvöld, en sakaði ekki. „Nei, ég hef ekki orðið var við neitt ennþá, enda í góðri þjálfun,“ segir hann. Kristinn segir veginn hafa verið snjólausan og þurrast lengst af. „Síðan var þarna krapí og nokkuð

snjómagnt frá deginum áður sem bráðnaði og rann niður á veginn,“ segir Kristinn. Hann segist ekki hafa verið á miklum hraða og hann hafi náð að hægja á sér þegar hann sá krapann. Bíllinn er talsvert skemmdur.

Kristinn er annar þingmaður kjördæmisins sem veltir bíl sínum á skömmum tíma, því Einar K. Guðinnsson sjávarútvegsráðherra velti bíl sínum síðastliðinn þriðjudag.

Sjálfstæðisflokkurinn:

Einkavæðing orkufyrirtækja verði könnuð

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn vill meta kosti þess að einkavæða orkufyrirtækin sem nú eru í ríkiseign.

Í ályktun landsfundar flokksins um umhverfismál og auðlindanýtingu er lagt til að skóðaðir verði kostir þess að færa eignarhald ríkisins á orkufyrirtækjum yfir til einkaaðila, sérstaklega með tilliti til samkeppnis- og jafnræðis-sjónarmiða. Segir þar enn fremur að tímabært sé að leysa úr læðingi krafta einkaframfæringsins svo íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls í útrás orkufyrirtækjanna.

Ef við verðum heppnir ætlum við að reyna, segir stjórnarformaður Nesskips:

Muuga mögulega á flot á morgun

STRAND Reynt verður að draga Wilson Muuga á flot á morgun eða hinn, ef skilyrði eru góð. Áður höfðu forsvarsmenn Nesskips, eiganda skipsins, sagt að það yrði dregið á flot um miðjan maí.

„Ef við verðum heppnir ætlum við að reyna, en það má ekki mikið út af bera til að það takist ekki,“ segir Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskips. „Við erum ekki komnir það langt að við getum ákveðið neitt ennþá, en við reimumst eins og rjúpan við staurinn.“

Hann segir stórstreymt verða um miðja þessa viku og þess vegna gefist möguleiki á að draga skipið.

Takist það ekki verður reynt aftur um miðjan maí, eins og upphaflega var áætlað. „Þetta gerist annaðhvort næstu daga eða um miðjan maí, það er ekkert þar á milli,“ segir Guðmundur.

Wilson Muuga strandaði við Hvalsnes, skammt frá Sandgerði, um miðjan desember í fyrra. Áætlaður kostnaður við að draga skipið af strandastað er fjórutíu milljónir króna, þar af greiðir ríkið fimmtán en útgerð skipsins afganginn.

Samkomulag um aðgerðina var kynnt í lok seinasta mánaðar, en þá var miðað við að skipið yrði dregið á flot á stórstraumsflóði 16. til 18. maí.



Á STRANDSTAÐ Skipið strandaði við Hvalsnes, skammt frá Sandgerði, um miðjan desember í fyrra. Stórstreymt er um miðja þessa viku og verður af því tilefni reynt að draga það á flot.

Tilhæfalaus skuldayfirlýsing:

Afturkölluð á síðustu stundu

FIÁRMÁL Innra eftirlit Verðbréfa-þjónustu sparissjóðanna komst á snoðir um tilhæfalaus skuldayfirlýsingu fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins í síðustu viku. Hún var afturkölluð samstundis, og þar með ógild.

Yfirlýsingin hljóðaði upp á nokkra milljarða króna. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Eins og fram hefur komið var máttinn, Viggó Þóri Þórissoni, vikið tafarlaust úr starfi og málið kært til saksóknara efnahagsmála. Málið er í rannsókn hjá efnahagsbrotadeild Ríkislög-reglustjóra.

Eiturlyfjum smyglað inn á Landspítalann

Fíkniefnasalar smygla eiturlyfjum til sjúklinga á Landspítalanum. Vandinn er mestur á geðsviði þar sem fíklar leita sér aðstoðar. „Um einstaklinga í hinum harða heimi eiturlyfja er að ræða,“ segir yfirlæknir. Öryggismál LSH eru í skoðun.

HEILBRIGÐISMÁL Fíkniefnasalar smygla eiturlyfjum til sjúklinga sem eru til meðferðar á Landspítalanum. Vandinn er mestur á geðsviði spítalans þar sem fíklar leita sér meðferðar. Starfsmenn hafa fundið pakka með fíkniefnum á lóð spítalans sem eru ætlaðir sjúklingum auk þess sem notaðar sprautunálar finnast reglulega við byggingar spítalans. Vandinn hefur verið til staðar lengi en yfirlæknir á geðsviði LSH segir vandann bundinn við hóp ógæfufólks.

Aðalsteinn Pálsson, sviðsstjóri byggingarsviðs LSH, segir spítalann vera sem þversnið af samfélaginu og ekki undanskilinn þeim vandamálum sem þjóðfélagið hefur við að glíma. „Við höfum haft rökstuddan grun um það í gegnum tíðina að sjúklingar fái eiturlyf afhent inni á sjúkrahúsum. Við höfum einnig fundið pakka inni í steinhleðslum á lóð spítalans sem einhver hefur átt að koma og sækja.“ Aðalsteinn segir að stjórnendur spítalans séu í góðu sambandi við lögreglu, sem bregðist fljótt við þegar við eigi. „Þegar grunur leikur á um að viðskipti eigi sér stað höfum við alltaf samband við lögreglu.“

Bjarni Óssurásson, yfirlæknir vímuefnadeildar við geðsvið LSH, segir vandann ekki nýtilkominn. „Á meðferðarstofnunum er alltaf nokkuð um neyslu og þá er lyfjum smyglað þar inn. Við verðum alltaf að hafa augun opin fyrir þessu því þetta gerist reglulega hvar sem er.“ Bjarni leggur áherslu á að um afmarkaðan hóp fólks sé að ræða sem sé í harðri neyslu. „Megnið af fólkinu sem hingað leitar er venju-



GEÐDEILD LSH Reyksskýli við innganginn er notað til viðskipta með eiturlyf. Pakkar með lyfjum hafa fundist á lóð spítalans.

legt fólk í fíknivanda og kemur hvergi nærri þeim vandamálum sem hér koma upp.“ Bjarni segir að nú standi til að bæta aðstöðu spítalans, eins og til dæmis reyk-ingaaðstöðuviðinnganggeðdeildar-

„Við höfum haft rökstuddan grun um það í gegnum tíðina að sjúklingar fái eiturlyf afhent inni á sjúkrahúsum. Við höfum einnig fundið pakka inni í steinhleðslum á lóð spítalans sem einhver hefur átt að koma og sækja.“

AÐALSTEINN PÁLSSON, SVIÐSTJÓRI Á LSH

innar þar sem vitað sé að fíkniefnaviðskipti fari fram. „Einnig þarf að leysa hvernig á að taka á fólki sem getur verið hættulegt og því er sífellt verið að leita leiða til að bæta öryggismálin. Það er því verið að reyna að bregðast við þessu eins og mögulegt er,“ segir Bjarni.

Samkvæmt upplýsingum frá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru reglulega höfð afskipti af „einstaklingum í annarlegu ástandi“ sem leita sér meðferðar á LSH. Í þeim tilfellum þar sem fíkniefni hafa fundist á viðavangi við sjúkrahúsið hefur verið um litla neysluskammta að ræða, að sögn lögreglu.

svavar@frettabladid.is



HVALREKI Hvalurinn er milli tíu og tólf metrar á lengd.

Fjaran við Þorlákshöfn:

Hvalur liggur í flæðarmálinu

ÞORLÁKSHÖFN Hvalur fannst í fjörunni rétt austan við Skötubót hjá Þorlákshöfn í gær. Lögreglan á Selfossi segir dýrið um tíu til tólf metra á lengd.

Eftir því sem lögreglan kemst næst er skepnan af búrhvalaætt, en Halldór Runólfsson yfirdýralæknir var væntanlegur að Skötubót í gærkvöldi til að skera úr um það.

Fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar var einnig tilkynnt um hvalrekann og eru þeir væntanlegir suður.

Dánarorsök dýrsins er ókunn.

- kóp

AKUREYRI

Erill eftir Söngvakeppni

Mikið annríki var hjá lögreglunni á Akureyri eftir söngvakeppni framhaldsskólanna á laugardagskvöld. Mörg hundruð unglinga skemmtu sér á götum úti og sumir þurftu aðstoð lögreglu og sjúkraliðs vegna ölvunar. Lögreglan segir hegðun flestra ungmennanna hafa verið til fyrirmyndar.

DANMÖRK

Bíll fylgir bílskúrnun

Danskir fasteignasalar hafa brugðið á það ráð að bjóða fólki ýmsan kaupbæti með íbúðum. Vonast þeir til þess að þetta hleypi lífi í daufan fasteignamarkaðinn. Meðal þess sem skal freista viðskiptavina er flatskjáir og jafnvel bifreiðar. Viðskiptablaðið Börsen hefur eftir fasteignasala að þetta sé það sem koma skuli.


Matsnefnd eignarnámsbóta vegna lands undir Háslón við Kárahnjúkavirkjun:

Fái 64 milljónir fyrir Háslón

DÓMSMÁL Eigendur jarðarinnar Brúar í Fljótsdals-héraði eiga að fá 63,7 milljónir króna frá Landsvirkjun vegna 3.025 hektara lands sem fer undir Háslón og aðliggjandi svæði. Þetta er niðurstaða matsnefndar eignarnámsbóta.

Bræðurnir Sigvarður og Stefán Halldórssonir eru eigendur Brúar, sem er ein alstærsta jörð landsins, um 160 þúsund hektarar. Þeir vildu að lágmarki fá 1.300 milljónir króna vegna fyrrnefndra 3.025 hektara sem fara að hluta undir Háslón en það svæði er að hluta nauðsynlegt Landsvirkjun til aðgengis að lóninu. Inni í þeirri upphæð var einnig endurgjald fyrir 400 þúsund rúmmetra af malarefni sem fór í stífluna við Háslón. Þegar vatnsstaðan í lóninu er í hámarki eru 43 prósent flatarmáls þess í landi Brúar.

Landsvirkjun hafði áður greitt bræðrunum 5,3 milljónir króna fyrir afnotin af landinu og taldi það fyrir sitt leyti vera fullnaðargreiðslu. Griðarlega mikið bar því í milli hugmynda um verð fyrir landið og var ákveðið að skjóta ágreiningnum til matsnefndar eignarnámsbóta. Í niðurstöðu nefndarinnar kemur meðal annars fram að í upphæðinni 63,7



HÁSLÓN Nærri helmingur lónsstæðisins er í landi jarðarinnar Brúar.

MYND/LANDSVIRKJUN

milljónum króna sé ekki innifalinn greiðsla fyrir vatnsréttindi. Það mál er rekið aðskilið og á fjöldi annarra landeigenda í Jökuldal þar hagsmuni gagnvart Landsvirkjun. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu vilja landeigendurnir fá sextíu milljarða króna fyrir vatnsréttindi en Landsvirkjun segir 375 milljónir vera hámarksgræiðslu.

- gar

BÍLL DAGSINS

SUBARU FORESTER 2.0

Nýskr. 08.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 19 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

AURIS

www.toyota.is

Nýtt upphaf



Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir nýjan bíl, nýja tegund: Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 1.940.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Mjóási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	65,57	65,89
Sterlingspund	130,25	130,89
Evra	88,77	89,27
Dönsk króna	11,905	11,975
Norsk króna	10,94	11,004
Sænsk króna	9,562	9,618
Japanskt jen	0,554	0,5572

SDR	99,75	100,35
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	120,4336	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



SIGRAÐI MED DEEP PURPLE Eyrþor Ingi Gunnlaugsson tók lagið Perfect Stranger í keppinni. MYND/HELGI STEINAR

Söngkeppni framhaldsskóla: Eyrþor Ingi sigraði örugglega

FÓLK Eyrþor Ingi Gunnlaugsson kom, sá og sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna sem sýnd var í beinni útsendingu frá Akureyri um helgina. Eyrþor Ingi keppti fyrir hönd Verkmenntaskólans á Akureyri og tók Deep Purple-lagið Perfect Stranger sem á íslensku nefnist Framtíð bíður.

Helena Eyjólfsdóttir, formaður dómnefndar, sagði nefndarmenn nokkuð sammála um niðurstöðuna. Í öðru sæti höfnuðu systkinin Ingunn og Arnar Friðriksbörn fyrir Fjölbrautaskólann í Ármúla og Fjölbrautaskóli Suðurnesja í því þriðja.

Menntaskólinn við Hamrahlíð varð hlutskarpastur í SMS-kosningu sjónvarpsáhorfenda um bestu sviðsframkomuna.

ALSÍR

Bandaríkjamenn óabyrgir

Yfirvöld í Alsír saka bandaríska sendiráðsmenn um að vekja ótta og ugg með íbúum höfuðborgarinnar, eftir að sendiráðið birti um helgina viðvörn um hugsanlega hryðjuverkaárás. Í sjálfsmorðsprengingu miðvikudagsins létust 33 og 222 særðust. Alsírsk stjórnvöld segja borgarbúa þjást nóg án slíkra yfirlýsinga.

Brynhildur Þórarinsdóttir hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin í ár:

Litli bróðir veitti innblásturinn

BÓKMENNTIR Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin í ár fyrir bækurnar Njálu, Eglu og Laxdælu sem komu út á árunum 2002-2006.

„Ég fékk hugmyndina að bókunum fyrir um tíu árum síðan, eftir að ég kláraði BA-námið í íslensku. Litli bróðir minn klæddi sig eins og Arthúr konungur og þá datt mér í hug að nota íslensku hetjurnar matreiddar fyrir börn,“ segir Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur.

Að sögn Brynhildar eru bækurnar ætlaðar allri fjölskyldunni og segir hún marga fullorðna vera spennta fyrir Íslendingasöggunum á einfaldara formi.

Þetta er í fjórða sinn sem íslenskur höfundur hlýtur verðlaunin. Árið 1992 hlaut Guðrún Helgadóttir þau, 2003 komu þau í hlut Kristínar Steinsdóttur og 2005 fékk Ragnheiður Gestsdóttir þau.

Brynhildur var veturinn sem leið bæjarlistarkona á



NORRÆNU BARNABÓKVERÐLAUNIN Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur segir verðlaunin hvatningu til frekari skrifna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Akureyri og segir verðlaunin vera hvatningu til frekari skrifna.

- rh

Kviknaði í út frá hitablásara:

Eggjabú brann til kaldra kola

ELDSVÖÐI Geymsluhúsnæði í Vestmannaeyjum brann til kaldra kola aðfaranótt sunnudags.

Enginn var í húsinu en það er gjörónýtt eftir eldsvoðann. Þar var áður starfrækt eggjabú. Bíll og búslóð sem voru geymd í húsinu urðu eldinum að bráð.

Rannsóknarlögreglumaður telur að kviknaði hafi í út frá hitablásara sem var í gangi um nóttina. Slökkvistarfi lauk upp úr klukkan sex í gær morgun.

Vatnsbirgðir Slökkviliðsins í Vestmannaeyjum dugðu ekki til þess að slökkva eldinn og þurfti að fara eina ferð á tankbíl til þess að sækja meira vatn.

- sþs

Þriðjungur vill áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf

Stuðningur við ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna dalar frá síðustu könnun Fréttablaðsins. Fleira stuðningsfólk þessara tveggja flokka vill nú mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki en í könnun Fréttablaðsins í mars. Stuðningur við áframhaldandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks eykst.

SKOÐANAKÖNNUN Aðeins fleiri segjast nú, en í lok mars, vilja sjá áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eftir kosningar 12. maí. Nú segjast 34,8 prósent vilja að stjórnarsamstarfi haldi, en 24. mars sögðust 30,2 prósent vilja að stjórnarsamstarfi haldi áfram. Stuðningur við áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf eykst meðal stuðningsfólks Framsóknarflokksins og segjast nú 91,7 prósent þeirra vilja áframhaldandi samstarf við Sjálfstæðisflokk eftir kosningar. Hinn 24. mars sögðust 89,2 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokks vilja slíkt samstarf. Aðeins færri stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins vilja nú áframhaldandi samstarf við Framsóknarflokk, 57,8 prósent segjast vilja slíkt samstarf, en stuðningurinn var 62,1 prósent í mars. Þá hefur stuðningur við áframhaldandi samstarf aukist lítillega meðal þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa. Nú segjast 33,3 prósent þeirra vilja áframhaldandi stjórn, en í síðasta mánuði var hlutfallið 29,1 prósent.

Í síðustu könnun blaðsins voru það jafnframt 30,2 prósent sem sögðust vilja stjórn Vinstri grænna og Samfylkingar. Stuðningur við slíka stjórn hefur dalað nokkuð og segjast nú 22,2 prósent vilja tveggja flokka vinstri stjórn. Stuðningur við slíka stjórn hefur dalað bæði meðal stuðningsmanna Samfylkingar og Vinstri grænna. Í mars sögðust 73,0 prósent kjósenda Samfylkingar vilja ríkisstjórn með Vinstri grænum. Nú er hlutfallið 55,4 prósent. Þá sögðust 70,4 prósent kjósenda Vinstri grænna vilja samstarf við Samfylkingu í mars. Nú segjast 60,6 prósent þeirra vilja slíkt samstarf.


Hlutfall þeirra sem styðja Samfylkingu eða Vinstri græn og vilja samstarf síns flokks við Sjálfstæðisflokk hefur hins vegar aukist frá því í mars. Um fjórðungur stuðningsfólks Samfylkingar og Vinstri grænna vill nú mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki. Áhuginn meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks virðist þó meiri fyrir samstarfi við Vinstri græn en Samfylkingu. 20,5 prósent sjálfstæðismanna segjast vilja ríkisstjórn með Vinstri grænum en 8,1 prósent þeirra vill sjá ríkisstjórn með Samfylkingu. Alls segjast 15,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilja ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Vinstri grænum, en 9,2 prósent vilja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Stuðningur við Kaffibandalagið svokallaða, Frjálslynda flokkinn, Samfylkingu og Vinstri græn, dalar enn og segjast nú einugis 3,8 prósent vilja slíka stjórn. Meirihluti þeirra sem segjast vilja slíka stjórn segist myndu kjósa Frjálslynda flokkinn. Stuðningur við aðra ríkisstjórnarkosti er rétt um prósentustig eða minna. Þó segjast um tvö prósent vilja meirihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins. Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 14. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða stjórnmalaflokkar vilt þú að myndi ríkisstjórn eftir kosningarnar í vor? og tóku 58,5 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar.

35,5 prósent sögðust óákveðin og 6,0 prósent neituðu að svara.

svanborg@frettabladid.is

HVAÐA FLOKKAR VILT ÞÚ AÐ MYNDI RÍKISSTJÓRN EFTIR NÆSTU KOSNINGAR?



Vinstri-Framsókn horfin

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir könnunina gefa til kynna að grundvallarbreyting hafi orðið í hópi kjósenda Framsóknarflokksins.

„Það er sérstaklega athyglisvert að níu af hverjum tíu kjósendum Framsóknarflokksins vilja áframhaldandi stjórnarsamstarf. Samkvæmt þessu virðist augljóst að nánast allir aðrir þeirra kjósenda, sem kusu Framsókn fyrir fjórum árum, ætla að kjósa eitthvað annað í dag. Enda er augljóst af ummælum forystumanna þessara tveggja flokka að þeir ætla að halda áfram í ríkisstjórn, fái þeir meirihluta



BALDUR ÞÓRHALLSSON

til þess,“ segir hann. Baldur telur auðsætt að Framsóknarflokkurinn tapi einhverju fylgi vegna þessa. „Þeir kjósendur flokksins sem vildu fyrir fjórum árum að hann starfaði til vinstri hafa hreinlega yfirgefið flokkinn.“

Á sama tíma segir Baldur það vekja athygli að um það bil fjórir af hverjum tíu kjósendum Sjálfstæðisflokksins kjósi fremur samstarf við aðra flokka en Framsóknarflokkinn. „Það er athyglisvert niðurstaða, sérstaklega í ljósi þess hvað flokkarnir tveir hafa neglt sig saman núna í aðdraganda kosninga.“

Opið til 24

Austurveg
Opið alla daga til kl. 24
Mán-fös kl. 8-24
Helgar og alm. frídaga 10-24

Lyf & heilsa

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	18°C heiðskirt	London	22°C hálfskýjað	Alicante	20°C hálfskýjað
Billund	20°C heiðskirt	Paris	24°C heiðskirt	Mallorca	17°C hálfskýjað
Oslo	18°C skúrir	Frankfurt	26°C hálfskýjað	Basel	24°C heiðskirt
Stokkhólmur	18°C heiðskirt	Friedrichshafen	20°C heiðskirt	Eindhoven	25°C heiðskirt
Gautaborg	15°C heiðskirt	Berlin	23°C heiðskirt	Las Palmas	20°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

120 ¹⁸⁸⁶₂₀₀₆

Við veitum þér
hagstætt
námslokalan

Við lánum þér
90%
af markaðsvirði
fyrstu eignar

Við gefum þér
20.000 króna
ferðaávisun eða
20.000 vildarpunkta
í inngöngugjöf

Varðan – út í lífið er þjómusta fyrir ungt fólk sem lokið hefur námi og er að koma undir sig fótunum.

- 90% lán af markaðsvirði við kaup á fyrstu eign*
- 100% lán af markaðsvirði á 4,95% vöxtum gegn viðbótarveði*
- Námslokalan
- Yfirdráttarlán á LÍN kjörum í 2 ár
- 90% blalán og 50% afsláttur af lántökugjöldum hjá SP fjármögnun
- Mótframlag við reglubundinn sparnað
- Fritt kreditkort
- Inngöngugjöf – 20.000 vildarpunktar eða 20.000 kr. ferðaávisun

Þú færð nánari upplýsingar á landsbanki.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi Landsbankans.

* Umsækjendur verða að standaast útlánamat bankans.



Landsbankinn

KJÖRKASSINN

Tekur þú mark á skoðanakönnunum?

Já	49%
Nei	51%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ert þú með bók á náttborðinu?

Segðu skoðun þína á vísir.is **vísir**

Landsfundir Sjálfstæðisflokksins lauk í gær með endurkjöri flokksforystunnar:

Flokksmenn með og á móti hálendisvegum

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir voru endurkjörin formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins á lokadegi landsfundar í gær. Hlaut Geir tæp 96 prósent greiddra atkvæða og Þorgerður rúmt 91 prósent.

Í kosningu til miðstjórnar hlaut Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri flokksins, bestu kosninguna en átta konur og þrjú karlar voru kjörin í miðstjórn.

Mótsögn er í afstöðu sjálfstæðismanna til hálendisvega en um þá er fjallað í ályktunum um samgöngumál og um umhverfismál og auðlindanýtingu. Í fyrrnefndu ályktuninni segir: „Skoðaðir verði möguleikar á uppbyggingu hálendisvega, sem bæta aðgengi að ferðamannastöðum á hálendinu og stytta jafnframt vegalengdir milli landshluta.“ Í

síðarnefndu ályktuninni segir hins vegar „Landsfundur telur að afar varlega verði að fara við uppbyggingu vega um hálendi landsins. Hálendið og víðerni þess eru auðlindir í sjálfu sér og ber ekki að leggja uppbyggða vegi þar nema að vandlega ihuguðu máli.“

Um Reykjavíkflugvöll ályktar landsfundur að hann skuli áfram gegna lykilhlutverki sem miðstöð innanlandsflugs og að mikilvægt sé að hraða uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við völlinn.

- bps

GEIR H. HAARDE Formaður Sjálfstæðisflokksins var endurkjörinn í embætti með 96 prósent atkvæða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Stofnun og rekstur smáfirmatækja

Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í **Stofnun og rekstri smáfirmatækja** hefst 28. apríl nk.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Iðntækni** í síma 570 7100 og á vefsíðu www.iti.is

NÁM SKEIÐ



Milljónatjón er aur féll á Sauðárkróki

Aurskríða féll á Sauðárkróki í gærmorgun og skemmdi í það minnsta sjö hús. Enginn slasaðist en kjallarar fylltust af aur og bílar fóru á kaf. Tjónið nemur milljónum króna. Slitinn háspennustrengur olli því að vatnsstokkur gaf sig.

HAMFARIR Milljónatjón varð þegar aurskríða féll á Sauðárkróki í gærmorgun. Engin slys urðu á fólki en sjö hús við Lindargötu fóru illa út úr flóðinu. Eitt er nánast ónýtt og kjallarar sex húsa fylltust af aur.

Nokkrar fjölskyldur þurfa að flytja tímabundið úr húsum sínum á meðan hreinsunarstarf fer fram. Þrjú bílar fóru einnig á kaf í drullu.

„Ég heyrði drunur, leit út um gluggann og sá þar leðju streyma niður hlíðina á tveimur stöðum,“ segir Kristján Baldursson, fulltrúi sýslumannsins á Sauðárkróki, en hann býr rétt hjá staðnum þar sem skriðan féll. „Leðjan rann á talsverðum hraða en stöðvaðist þegar hún kom niður á jafnsléttu.“

Hann segist hafa séð fólk fara með börn sín út úr húsum á hlaupum. „Það er vonandi að eignatjónið verði sem minnst þegar upp er staðið, ég sá skriðuna taka með sér tré og lenda síðan á bíl.“

Að sögn Björns Steins Sveinssonar, varðstjóra lögreglunnar á Sauðárkróki, sprakk vatnsstokkur sem liggur frá stíflunni í Gönguskarðsárvirkjun fyrir ofan bæinn með þeim afleiðingum að vatn sprautaðist út af gríðarlegu afli. Stuttu síðar féll skriðan.

Ástæðan fyrir því að stokkurinn gaf sig var slitinn háspennustrengur við húsgrunn í bænum. Rétt fyrir klukkan níu í gærmorgun voru verktakar að vinnu við grunninn og slitu háspennustrenginn fyrir slysi. Við það sló út rafmagninu í virkjuninni og vatnsstokkurinn fylltist af vatni. Þrýstingurinn varð það mikill að hann sprakk og vatnið streymdi út.

Björgunarsveitir voru kallaðar út og unnu þær langt fram eftir degi við að hreinsa götuna og dæla úr kjöllurum. Hátt í fjórutíu björgunarsveitarmenn voru að vinna við hreinsunarstörf seinni partinn í gær, segir Bjarni Kristófer Kristjánsson hjá svæðisstjórn björgunarsveita í Skagafirði.

„Það er erfitt að segja hver þarf að borga brúsann, en þar sem



Í DJÚPUM AUR Allir sem vettlingi gátu valdið voru kallaðir út til að hjálpa við hreinsunarstörf. Hér er verið að grafa í kringum jeppa sem fór hreinlega á kaf í drullu.

MYND/GUÐNÝ JÓHANNESDÓTTIR



MIKID TJÓN Þetta hús við Lindargötu varð einna verst úti í skriðunni, en aurinn náði næstum því upp í rjáfur þegar hann stöðvaðist. Auk þess fylltust kjallarar sex húsa af aur og þrjú bílar fóru á kaf. MYND/GUÐNÝ JÓHANNESDÓTTIR

AURNUM BÆGT FRÁ Bæjarbúar gera sitt besta til að beina flaumnum frá húsinu.



þessi skriða er ekki af náttúrulegum völdum verður tæpast greitt úr viðlagasjóði,“ segir Björn. „Mér

finnst ekki ólíklegt að tryggingafélag rafmagnsveitunnar þurfi að borga brúsann.“ salvar@frettabladid.is

Þróun í útrás

Utanríkisráðuneytið og Þróunarættun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands, kynna samstarf einkageirans og hins opinbera í þróunarlöndum.

Þriðjudaginn 17. apríl 2007
Grand Hótel, Hvammur, kl. 8.15-9.30

Dagskrá:

- 8.15 **Ávarp**
Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra
- 8.25 **Nordic Business Outreach verkefnið kynnt**
Jakob Simonsen, framkvæmdastjóri UNDP í Kaupmannahöfn
- 8.55 **Undirritun samstarfssamnings**
- 9.00 **Samfélagsleg ábyrgð alþjóðafyrirtækja**
Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis
- 9.15 **Samfélagsleg ábyrgð borga – Borgir með borgum**
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar
- 9.30 **Fundarslit**

Fundarstjóri er **Halla Tómasdóttir**, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Morgunverðarhlaðborð hefst kl. 8.00.

Fundurinn er öllum opin og gefst fyrirtækjum og einstaklingum tækifæri á viðtalstímum með Soren Petersen, UNDP, um möguleg samstarfsverkefni frá kl. 10.30-14.00.

Skráning fer fram hjá Berglind Sigmarsdóttur, viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins í síma 545 9932 eða með tölvupósti á netfangið berglind@mfa.is.



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Lúðvík Friðbergsson, íbúi á Lindargötu, vaknaði þegar vatnsstokkurinn sprakk:

Hljóp inn og náði í konuna

HAMFARIR „Ég vaknaði þegar stokkurinn gaf sig, og sá vatnsspýjuna lenda á glugganum mínum,“ segir Lúðvík Friðbergsson, sem býr við Lindargötu á Sauðárkróki þar sem aurskríðan féll. „Þetta var svo mikið magn af vatni að ég vakti konuna, fór í fót og dreif mig út til að skoða hvað væri á seyði.“

Þá segist hann hafa séð aurskríðuna og áttað sig á alvarleika málsins. „Ég hljóp aftur inn og skipaði konunni að drífa sig út, og við komum okkur í burtu ásamt fólki í öðrum húsum sem urðu fyrir

flóðinu. Þegar búið var að loka fyrir stokkinn sem gaf sig kom í ljós hvað hafði gerst og björgunarsveitarmenn hófust handa við að dæla úr húsum og bjarga því sem hægt var.“ Lúðvík segir kjallarann í húsini sínu, sem er elsta hús bæjarins, hafa fyllt af drullu og húsið sé óbyggilegt. Hann hafi þó í annað hús að venda í sömu götu. „Þetta er milljónatjón, en misjafnlega mikið hjá hverjum og einum. Það verður ekkert búið í þessum íbúðum á næstunni.“

- sps



BÓKAÐU FUND
HJÁ RÁÐGJAFNA Á
KAUPTHING.IS

TEKJUVERND

Haltu þínu striki með
Tekjuvernd Kaupþings



- 1 Hvaða stjórnmálaflokkur vil afnema launaleynd?
- 2 Hvaða lið vann Íslandsmeistarátitilinn í körfuknattleik kvenna annað árið í röð?
- 3 Hvað heitir fyrrverandi kærasta Vilhjálms Bretaprins?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Íslandshreyfingin kynnr framboðslista í Reykjavíkurborgardæmunum:

Margrét og Ómar efst á blaði

STJÓRNMÁL Margrét Sverrisdóttir skipar efsta sæti Íslandshreyfingarinnar á framboðslista hennar fyrir komandi alþingiskosningar í nýrðra Reykjavíkurborgardæmi. Ómar Ragnarsson er í sama sæti í því syðra.

Listi fimm efstu sæta var kynntur í gær og eru konur þar í meirihluta. Á eftir Ómari koma tvær stjórnarkonur úr Framtíðarlandinu, þær Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistarkona og ferðamálafrömuður, og Sigríður Þorgeirsdóttir, heimspekingur og dósent við Háskóla Íslands. Fjórða sæti skipar Elvira Méndez Pinedo, doktor í Evrópurétti og í fimmta sætinu er svo Snorri Sigurjónsson lögreglufulltrúi.

Annað sæti norðurkjördæmis borgarinnar er skipað Ólafi Hannibalssyni blaðamanni, sem hefur verið áberandi í Þjóðarhreyfingunni. Þriðja sætið er skipað varapingmanni Frjálslynda flokksins, Sigurlín Margrétu Sigurðardóttur. Í fjórða sæti er Guðrún



ÍSLANDSHREYFINGIN Mennta- og listafólk er áberandi á framboðslista hreyfingarinnar í Reykjavíkurborgardæmunum.

Ásmundsdóttir leikkona og í því fimmta er sonur hennar, Ragnar Kjartansson, myndlistar- og tónlistarmaður, en hann hefur gert garðinn frægan með hljómsveitinni Traband.

Áður óþekkt hryðjuverkasamtök:

Segjast hafa myrt Johnston

PALESTÍNA, AP Áður óþekkt samtök Palestínanna, Fylking einingar guðs og heilags stríðs, halda því fram að þau hafi tekið breska blaðamanninn Alan Johnston af lífi.

Johnston, sem starfar fyrir Bresa ríkissjónvarpið, BBC, var rænt fyrir mánuði síðan af vopnuðum hópi manna á Gaza-svæðinu. Í yfirlýsingu frá BBC segir að stofnunin kannist við fullyrðingu samtakanna, en hafi engar sönnur fyrir því að rétt sé farið með.

Palestínski innanríkisráðherra, Hani Kawasmeh, tekur í sama streng og segist ekki geta staðfest að samtökin hafi myrt Johnston.

- kóp

- kóp

Tillaga Samfylkingar:

Vilja sjónarmið um samkeppni í lóðaúthlutun

SVEITARSTJÓRNIR Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar hafa lagt til að leitað verði eftir samvinnu við



DAGUR B. EGGERTSSON

Samkeppniseftirlitið og önnur yfirlýðing samkeppnismála um „hvernig staðið verði vörð um samkeppnissjónarmið við skipulag og úthlutun lóða,“ eins og segir í tillögunni. Vilja samfylkingarmenn að leitað verði erlendra fyrirmynda. Huga eigi að því hvernig búa skuli að slíkum úthlutunum í skilmálum skipulags og lóðaúthlutunum eða hvort koma þurfi til breytingar á lögum. Afgreiðslu tillögunnar var frestað á síðasta borgarráðsfundi.

- gar

Stóriðjufyrirtæki nota um 65 prósent af raforku landsins:

Í samræmi við orkuspár

RAFORKA Almenn rafmagnsnokkun Íslendinga jókst um 4,8 prósent milli ára 2005 og 2006 og á sama tíma jókst raforkunokkun stóriðjufyrirtækja um 20,7 prósent. Aukningin er í takt við spár orkuspárnefndar en árið 2006 nam raforkuvinnsla á landinu 9.925 gígavattstundum

Íris Baldursdóttir, formaður raforkuhóps Orkuspárnefndar, segir að spár hópsins fyrir árið 2006 hafi staðist vel og engar stórbreytingar hafi orðið á orkunotkun landsmanna. „Aukningin í almennri notkun hefur verið yfir meðaltali undanfarin ár og er sú notkun tengd landsframleiðslu, aukningu í mannfjölda og fjölda



MEIRA RAFMAGN Íslendingar eru orkufrekar en áður.

heimila. Fimmtungur af almennri aukningu síðusta árs stafar til dæmis af uppbyggingunni á Austurlandi,“ segir Íris.

Raforkunokkun á hvern íbúa er meiri á Íslandi en annars staðar í heiminum og segir Íris að það stafi af stóriðjuframkvæmdum undanfarinna ára. Hins vegar er raforkunokkun heimila undir því sem þekktist í nágrannalöndunum

þar sem rafhitun er mikil.

Íslensk stóriðja notar nú um 65 prósent allrar raforku eða um 6,265 gígavattstundir. Fyrir tuttugu árum síðan nam heildaraforkunotkun Íslendinga fjórum gígavattstundum.

- þo



GUNNAR I. BIRGISSON Bæjarstjórinn í Kópavogi segir hestamenn þurfa að láta hanna hesthús áður en hægt sé að byggja þau.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skrifinnaska tefur gatnagerð segir bæjarstjóri Kópavogs:

Hestamenn geri sig sjálfir klára

SKIPULAGSMÁL „Mér þykir það mjög undarlegt og skritin vinnubrögð af einu íþróttafélagi bæjarins að byrja á því að fara í fjölmíðla með ályktun áður en bæjarstjórnin fær hana,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, um áskorun hestamanna í Gusti til bæjaryfirvalda.

Stjórn hestamannafélagsins Gusts segir erfiðlega ganga að fá bæjaryfirvöld í Kópavogi til að standa við gerða samninga og tímaáætlanir varðandi flutninga hesthúsahefverfisins úr Gláðheimum á Kjöavelli. Í ályktun sem sam-



Ég held nú að það standi upp á þá sjálfa að gera sín eigin mál klár því þeir eru ekki tilbúnir að fara að byggja.

GUNNAR I. BIRGISSON
BÆJARSTJÓRI

þykkt var einróma á félagsfundinum Gusts er skorað á bæjaryfirvöldin að standa við samningana; jafnt samninga um reidleiðir út frá Gláðheimum og samninga um flutning félagsins og félagsmanna á Kjöavelli. Í stefni að ekki verði af flutningi félagsins fyrr en á næsta ári.

„Það var reiknað með að hægt væri að byrja í apríl en því seinkar um einn mánuð eða tvo, sem er aðallega út af skrifinnssku skipulagsyfirlýsingu; skipulagsstofnunar og umhverfisráðuneytis,“ segir Gunnar bæjarstjóri. „Við höfum sagt þeim að það verði tvær dagsetningar við afhendingar á götum, annars vegar í maí og hins vegar í ágúst. Það er því engin ástæða til að fresta þessum flutningi og ég held nú að það standi upp á þá sjálfa að gera sín eigin mál klár því þeir eru ekki tilbúnir að fara að byggja.“

- gar

Stefnumót við stjórnmálaflokka – launamisrétti kynjanna

Morgunverðarfundur á Grand Hótel Reykjavík
Þriðjudaginn 17. apríl kl. 8.00-9.30

Erindi:

Lilja Mósesdóttir hagfræðingur og prófessor við Háskólann í Bifröst
þorgerður Laufey Diðriksdóttir kennari og formaður Kennarafélags Reykjavíkur

Pallborðsumræður með fulltrúum stjórnmálaflokkanna.

Morgunverður kostar 1500 kr.

Briet - félag ungra femínista
Femínistafélag Íslands
Félag kvenna af erlendum uppruna
Kvenfélagasamband Íslands
Kvennaathvarfið
Kvennáráðgjöfin
Kvenréttindafélag Íslands
Rannsóknastofa í kvenna og kynjafræðum
Stígámót
V-dagssamtökin
UNIFEM á Íslandi

Minningarathöfn við Hjaltlandseyjar:

Fimm enn saknað

LERWICK, AP Minningarathöfn um þá sem létust og er saknað eftir að norska dráttarbatnum Bourbon Dolphin hvolfdi á fimmtudagskvöld, fór fram í gær, sunnudag.

Fjölskyldur þeirra sem létust, ásamt þeim sjö úr áhöfn bátsins sem komust lífs af, tóku þátt í athöfninni. Hún fór fram á slysstad við strendur Hjaltlandseyja.

Björgunarstarf hefur gengið erfiðlega sökum veðurs og þurftu kafarar frá að hverfa við leit í flakinu.

Með bátnum fórust þrjár skipverjar og fimm er enn saknað. Talið er að þeir séu látnir og að lík þeirra séu um borð í bátinum.

Báturinn var gerður út frá Álasundi í Noregi. Orsök slyssins er enn óljós að sögn þarlandra yfirvalda. Meðal þeirra sem er saknað er fjórtán ára drengur sem var í starfskynningu með föður sínum.

- rh

ORSÖK ENN ÓLJÓS
Fimm er enn saknað eftir að norska dráttarbatnum Bourbon Dolphin hvolfdi á fimmtudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÖFLUGUR SPORTJEPPI FYRIR SUMARIÐ

NÚ Á BETRA VERÐI 2.890.000 KR.



KIA Sportage dísil túrbó

KIA Sportage er kröftugur sportjeppi með eyðslugranni og hljóðláttri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum.

Nú getum við boðið nokkur eintök af þessum vinsæla jeppa með aflmikilli dísilvél á lækkuðu verði, 2.890.000 kr.

Heilsársdekk og dráttarveisli fylgja með.

29.616 kr. á mánuði*

*M.v. 30% útborgun og 84 mánaða gengistryggt bílalán frá AVANT. Einnig fáanlegur með 100% láni.



KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bileigenda í Bandaríkjunum.





TÚLÍPANAGRÓSKA Hjúreiðamaður hjá gróskumiklum túlípánaakri sem litur vorði björtum litum nærri þorpinu Kaag í Hollandi, um 25 km frá Amsterdam. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grimmir geitungar frá Asíu valda usla í frönskum býflugnabúum:

Herja á býflugur í Frakklandi

FRAKKLAND. AP Býflugur í Frakklandi eiga nú undir högg að sækja vegna geitunga sem þangað eru komnir frá Asíu.

Geitungarnir eru töluvert stærri en frændur þeirra í Evrópu og eiga því í engum vandræðum með að ráðast á grunlaus fórnarlömb sín. Þeir gera árársir á býflugnabúin, rífa af býflugunum hausinn, fálmarana og vængina og breyta þeim síðan í mauk sem drottningin og lirtur hennar nærast á.

Býflugurnar ætla þó ekki að deyja alveg ráðalausar. Þær hafa þegar fundið leið til að veita andspyrnu, einfaldlega með því að umkringja geitunginn og blaka



ÓGNVALDURINN Þannig líta þeir út, geitungarnir sem hafa hreiðað um sig í Suður-Frakklandi og gætu breiðst út víðar um Evrópu á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

vængjum sínum ótt og títt. Þannig mynda þær svo mikinn hita að geitungnum verður ólíft og hreinlega drepst.

Býflugnabændur hafa líka dottið niður á ráð til að verja sínar flugur. Þeir minnka opin á býflugnabúunum þannig að geitungarnir komist ekki inn.

Ekki þykir rétt að eyða öllum geitungum á svæðinu, líka evrópskum og frönskum heimageitungum sem valda ekki jafn miklum skaða.

Talið er að geitungarnir hafi komið til Frakklands árið 2004, en það ár fór kaupmaður nokkur til Yunnan-héraðs í Kína til að kaupa þar leirpotta undir bonsai-tré, sem hann selur í Frakklandi. Líklegt þykir að geitungarnir hafi komið með skipi sem flutti leirpottana til Frakklands.

- gb

Deildu við aldrada um flugvöll

STJÓRNMÁL Höfuðborgarsamtökin segja að slitnað hafi upp úr samstarfi þeirra og Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja vegna ágreinings um mikilvægi framtíðar Reykjavíkurflugvallar.

Í yfirlýsingu samtakanna er harmað að samstarfið hafi gengið brösuglega. Er það skýrt meðal annars með því að stjórn Baráttusamtakanna sé „galopin fyrir undirróðri flugvallarsinna“.

Einnig er fjallað um samskiptaörðugleika við „einn einstakling“ innan Baráttusamtakanna, sem „öllu réð“ í þeim.

- kóp



HÚSAVÍKURFLUGVÖLLUR Flug til Húsavíkur hefst á nýjan leik ef að líkum lætur.

Byggðarráð Norðurlþings:

Samkomulag um flug til Húsavíkur

SAMGÖNGUMÁL Fjarðarflug ehf. mun mögulega taka að sér rekstur flugstöðvarinnar á Húsavíkurflugvelli og hefja flug til Húsavíkur á nýjan leik. Á vef Norðurlþings kemur fram að Byggðarráð Norðurlþings hafi fjallað um málefni flugvallarins í Aðaldal á fimmtudag og bókað að drög að samkomulagi við Fjarðarflug liggja nú þegar fyrir. Þar er sveitarstjóra falið að undirrita samkomulagið fyrir þess hönd. - þsj

VATÍKANÍÐ

Páfi átræður

Benedikt páfi sextándi fagnaði átræðisafmæli sínu í gær. Haldin var hátíðarmessa honum til heiðurs á Péturstorginu í Róm og mættu þúsundir til að samgledjast honum.

SPÁNN

Lest ók á bíl

Lest á leið til Parísar frá Madrid lenti í árekstri við bíl sem fastur var á lestarteinunum rétt fyrir utan borgina Valladolíd í gær. Þrjú hundruð manns voru í lestinni en engan sakaði, bílstjóra bílsins hafði tekist að forða sér áður en lestin skall á bílnum.

DANMÖRK

Flugeldur á rangri leið

Skoskur maður og dönsk kona slösuðust lítilla þegar flugeldur stefndi til jarðar í stað himins í Tívoliinu í Kaupmannahöfn í fyrirkvöld. Örsök slýssins eru ókunn.

Auðmaður eignast veiðiparadís við Vík

Svissneskur auðmaður hefur fest kaup á öllum jörðum umhverfis Heiðarvatn og Vatnsá í Mýrdal. Fjárfesting hans nemur nú þegar um hálfum milljarði. Skiptar skoðanir eru um umsvifin og veiðimenn eru sárreiðir vegna kaupanna.

UMHVERFISMÁL Svissneski auðmaðurinn Rudolf Lamprecht hefur á undanförunum árum keypt allar jarðir sem liggja að Heiðarvatni í Mýrdal og silungs- og laxveiðiánni Vatnsá sem rennur úr vatninu í Kerlingadalsá, þar sem hann hefur einnig tryggt sér land og veiðirétt að hluta. Fjárfesting Lamprechts nemur um 500 milljónum króna. Hann stendur fyrir umfangsmiklum seidisleppingum í ána og vatnið og hyggst hefja trjárækt í stórum stíl í sumar. Skiptar skoðanir eru á umsvifum auðmannsins í sveitinni og stangveiðimenn sem ekki komast lengur til veiða á vatnasvæðinu eru sárreiðir.

Rudolf Lamprecht á eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki heims með starfsstöðvar víða um heim, meðal annars í Indónesíu og Hondúras. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins dreymir Lamprecht um að skapa umhverfisparadís á landi sínu. Hann verður í sumar með hóp af fólki við landgræðslu og trjárækt. Hann hefur einnig staðið fyrir rannsóknum í Heiðarvatni í samvinnu við Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar og hefur unnið með Landgræðslu Íslands. Lamprecht hefur ekki selt veiðileyfi að neinu marki í Heiðarvatni og Vatnsá síðan hann hóf að kaupa land og hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort af því verður í framtíðinni.

Stangveiðifélag Keflavíkur hefur byggt upp aðstöðu við Heiðarvatn á undanförunum árum en hyggst nú flytja tvö veiðihús af landinu vegna kaupna Lamprechts. Gunnar J. Óskarsson er formaður félagsins. „Þarna kom fjölskyldufólk í hundraðavís á hverju ári til að njóta lífsins. Þannig var það í tvo áratugi en er nú liðin tíð. Hann gerði allt til að koma okkur í burtu og það var ekki staðið við neitt sem lofað hafði verið.“ Gunnar segir að Lamprecht hafi gengið hart fram í því að eignast landið og furðar sig á því að sveitarstjórn Mýrdalshrepps hafi látið landakaupin viðgangast.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, segir að skiptar skoðanir séu um jarðakaup



HEIÐARVATNI Í MÝRDAL Fagurt er um að litast við vatnið. Svissneskur auðmaður hefur keypt landið og hyggst rækta það upp. Veiðimenn eru sárreiðir yfir að komast ekki til veiða.

MYND/MAGNÚS JÓHANSSON



RUDOLF LAMPRECHT Hér er Svisslendingurinn við seiðarannsóknir í Vatnsá.

MYND/BE

Lamprechts. „Mönnum finnst ekki gott að torsóttara er orðið að komast til að veiða í vatninu. Ég hef annars ekki gert neinar athugasemdir við þetta meðan ekki eru

vandamál með aðgengi almennings að landinu. Veiðiréttur gengur kaupum og söllum og það á við þetta svæði sem önnur.“

svavar@frettabladid.is

Heildarlausn fyrir snyrtinguna Lotus Professional



Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

Á tilboði
í apríl 2007

Valdar gerðir af Lotus Professional skómmurtum og tilheyrandi áfyllingum fyrir snyrtinguna.



3.982 kr.

Hvítur enMotion snertifrír skammtari



1.865 kr.

Hvítur sápuskammtari Foam



1.865 kr.

Hvitt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007



- vinsælasta viðbitið

Fyrstu niðurstöður vörralls Hafrannsóknastofnunarinnar sýna slakan þorskárgang:

Allir árgangar frá 2001 lélegir

SIJAVARÚTVEGUR Þorskárgangurinn frá 2006 er slakur samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum vörralls Hafrannsóknastofnunar Íslands. Allir árgangar frá árinu 2001 mælast því lélegir eða slakir. 2005-árgangurinn er af svipaðri stærð en 2004-árgangurinn mælist enn mjög lélegur. Almennt virðist stærð uppvaxandi árganga ívið minni en fyrri mælingar sýndu og veiðistofninn er nú talinn tíu til fimmtán prósentum minni en áætlað var.

Stofnvísitala þorsks lækkaði um 17 prósent frá mælingunni 2006 og er nú svipuð og árin 2000-2002. Mest fékkst af þorski á

Vestfjarðamiðum, djúpt úti af Norður- og Norðausturlandi og í Hvalbakshalla fyrir suðaustan land.

Árgangar frá 1997-2000 mælast nú um 20 prósentum hærri en árið 2006 og tvisvar sinnum hærri en hún var á árunum 2001-2003. Það er í samræmi við fyrra mat á hlutdeild þessara árganga í stofni og aflbrögð á vertíð sunnanlands.

Holdafar þorsksins var heldur betra en árið 2006, en undir meðaltali áruna frá 1993 þegar vigtanir hófust.

Stofnvísitala ýsu var há líkt og undanfarin fjögur ár. Vísitala

ufsa var svipuð og árin 2002-2003 en lægri en undanfarin þrjú ár. Lokaúttekt á niðurstöðum og tilögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflamark fyrir næsta fiskveiðiár verða kynntar í byrjun júnímánaðar.

- shá

Í AÐGERÐ Landburður hefur verið af þorski að undanförunu en mælingar sýna minnkandi veiðistofn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÍSE



Próunarsamvinnustofnun:

Fjármagna uppbyggingu

UTANRÍKISMÁL Próunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) og Kristinboðssambandið undirrituðu í síðasta mánuði samkomulag um uppbyggingu fjögurra framhaldsskóla í í Keníu.

Samkomulagið nær til tveggja ára og er kostnaður við framkvæmdina áætlaður tæpar ellefu milljónir króna. ÞSSÍ mun standa undir 60 prósentum af kostnaðinum.

Í fréttatilkynningu vegna samkomulagsins segir að ætlunin sé að byggja upp þrjár heimavistir, tvær kennslustofur og fjóra matsali með eldunaraðstöðu í skólunum.

- þsj



HECKLER & KOCH HK-416-hríðskotaríffill þýsku vopnasmíðjunnar. LÖSAMYND/H&K

Norski herinn:

Rifflakosturinn endurnýjaður

NOREGUR Norski herinn hefur ákveðið að endurnýja allan hríðskotarífflakost sinn. Gerður hefur verið samningur um að þýska vopnasmíðjan Heckler & Koch sjái hernum fyrir 8.200 nýjum hríðskotarífflum af gerðinni HK 416, að því er greint er frá á fréttavef Aftenposten.

Nýju rifflarnir koma í stað AG-3-rifflisins, sem hætt var að framleiða fyrir rúmum þrjátíu árum.

Sá nýi, sem Norðmenn verða fyrstir til að taka í notkun, er léttari og meðfærilegri en sá gamli og sagður henta betur í fjölþjóða-verkefnum eins og í Afganistan. Hann verður einnig búinn nætursjónauka og -miðunarbúnaði.

- aa



STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Ráðið skorar á stjórnmalaflokkana sem bjóða fram til Alþingis að taka upp stefnumál stúdenta og gera menntamála að kosningamáli.

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

Ólíðandi að einkaskólar fái jafn mikið

MENNTAMÁL Stúdentaráð Háskóla Íslands segir ólíðandi að einkareknu háskólarnir fái sama framlag frá ríkinu og opinberu háskólarnir og innheimti auk þess skólagjöld.

Í stefnulýsingu Stúdentaráðs segir að ástæðan sé að stór hluti stúdenta í einkareknu háskólunum taki lán fyrir skólagjöldunum hjá LÍN sem séu á svo hagstæðum vöxtum að ríkið fái aðeins um helming þeirra til baka. Því fjármagni ríkið stóran hluta skólagjaldanna og verði til þess að einkareknu háskólarnir fá meira fé frá ríkinu en opinberir.

Staðan skekki samkeppnishæfni skólanna og leggur Stúdentaráð til að staðan verði leiðrétt með því að hækka ríkisframlag til opinberu háskólanna um það sem nemur skólagjöldum í einkareknu skólunum.

- kdk

Þróunarfélag | property development

Til leigu:

Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur



Laust

	Austurhluti	Vesturhluti
8. hæð		leigt
7. hæð		leigt
6. hæð		1064m ²
5. hæð	890m ²	925m ²
4. hæð	890m ²	925m ²
3. hæð	896m ²	932m ²
2. hæð	705m ²	leigt
1. hæð	450m ²	leigt leigt leigt

* hægt er að skipta þessu rými til helminga

**allar stærðir eru birt flatarmál

Þyrping reisir sérhannað 12000m² skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26. Bílastæði verða annars vegar í bilageymslu undir húsinu fyrir um 200 bíla auk bílastæða við bygginguna.

Húsnæðið skiptist í tvo misháa hluta, 8 hæðir vestan megin og 5 hæðir austan megin. Jarðhæðin skiptist upp í 4-5 rými og verður verslun og þjónusta þar en á öðrum hæðum hússins er gert ráð fyrir skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Húsnæðið verður sérhannað út frá þörfum framsækinnra fyrirtækja með frábæru útsýni.

Meðal leigjenda eru 10-11, Lyfja, Spron, Baugur, Gnúpur og Samkeppniseftirlitið.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga vorið 2007.

Á vefsíðu Þyrpingar, www.thyrping.is, er að finna frekari upplýsingar auk ítarlegra teikninga af húsinu í heild og einnig hverri hæð fyrir sig.

Frekari upplýsingar gefur Þorsteinn hjá Þyrpingu í síma 594 4200.

Þyrping hf, Hátúni 2b, 105 Reykjavík
sími 594 4200
fax 594 4201
netfang thyrping@thyrping.is
vefsíða www.thyrping.is





SADDAM Á DAGATÖLUM Afgangskur piltur bauð dagatöl til sölu á markaðstorgi í Kabúl. Á dagatölunum voru fjölmargar myndir af Saddam Hussein, fyrrverandi leiðtoga Íraks, sem tekinn var af lífi rétt fyrir áramótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Siglingar stórra skipa og skipa með hættulegan farm verði afmarkaðar:

Tillögur draga úr hættu á stórslysum

SAMGÖNGUMÁL Lagðar hafa verið fram tillögur um að komið verði á leiðastjórnun við siglingar skilgreindra skipa á ákveðnum siglingaleiðum við suður- og suðvesturströnd landsins. Samgönguráðherra hefur falið Siglingastofnun Íslands að kynna tillögurnar hið fyrsta fyrir Alþjóða siglingamálastofnuninni.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skipaði í nóvember 2006 nefnd til að gera tillögur um hvernig mætti stuðla að því að fyrirbyggja slys og mengun á sjó og draga úr áhrifum þeirra á umhverfi sjávar og stranda, efnahagslífið og heilbrigði íbúanna.

Nefndin hefur skilað samgönguráðherra áfangaskýrslu og nær hún til leiðastjórnunar við suður- og suðvesturhluta landsins en í næsta áfanga mun hún vinna að tillögum varðandi aðrar siglingaleiðir við landið og hefur

óskað eftir fresti til 1. október til að leggja þær fram.

Nefndin leggur til takmörkun á för stórra skipa og skipa sem flytja hættulegan farm og mengandi varning um mikilvægar uppeldisstöðvar fiska og annarra sjávarlífvera úti fyrir Suðvesturlandi þar sem helstu nytjastofnar Íslendinga klekjast út og eru veiddir. Ástæðan er einnig að mörg strandsvæði á þessum slóðum eru mikilvæg fyrir viðgang fuglalífs. Markmiðið með leiðastjórnun er einnig að beina skipum frá siglingahættum á viðkomandi svæðum og á þær siglingaleiðir sem teljast öruggastar.

- shá

OLÍUSKIP Í HÖFN Tillögur hafa verið lagðar fram um leiðastjórnun flutningaskipa til að fyrirbyggja meiriháttar mengunarslys.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2007

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 16. apríl 2007 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 11. mars 2007

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is



HÖRD KEPPNI Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir bar sig úr býtum eftir erfiða keppni á Íslandsmóti kaffibarþjóna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmót kaffibarþjóna haldin um helgina:

Tvísýn kaffikeppni

LANDSMÓT Landsins fremstu kaffibarþjónar öttu kappi á Íslandsmóti kaffibarþjóna, sem fór fram í Hótel- og veitingaskólanum í Kópavogi um helgina. Keppnin var á köflum tvísýn en Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir frá Kaffitári bar að lokum sig úr býtum, sem tryggir henni þátttöku á heimsmeistaramóti í Tókýó dagana 31. júlí til 2. ágúst.

Að sögn Mörtu Sifjar Ólafsdóttur, kynnis mótsins, var þátttaka góð og mál manna að keppendur hefðu staðið sig með sóma. „Fimmtán keppendur tóku þátt í undanúrslitum á fimmtudag og föstudag. Þeir höfðu fimmtán mínútur til að framreiða fjóra espresso

og jafn marga cappuccino og óáfenga kaffidrykki að eigin vali. Síðan var dæmt eftir bragði, áferð og síðast en ekki síst tækni.“

Af þessum fimmtán komust sex keppendur áfram í úrslit á laugardaginn. Keppendurnir sex skipa nú landslið kaffibarþjóna. Ingibjörg hlaut ferðastyrki frá MS og Kaffibarþjónafélaginu fyrir heimsmeistaramótið í Tókýó. Marta telur Ingibjörgu eiga góða möguleika að komast í úrslit þar.

„Íslendingar hafa staðið sig vel í keppninni og alltaf náð að komast í sjö efstu sætin,“ segir hún. „Ingibjörg náði sjálf sjötta sætti í fyrra og ég efast ekki um að henni muni ganga vel í ár.“

- rve

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Fiskur dagsins!



STEINBÍTUR
M. KARRÝ KAPERS OG BÖNUNUM

998 kr.
kg

NÓATÚN

Öflugir, sveigjanlegir, stækkanlegir Ný kynslóð netþjóna frá Dell



Láttu fyrirtækið vaxa – ekki kostnaðinn



Ný kynslóð PowerEdge netþjóna frá Dell

Einföldun

- Netþjónar í okkar nýju vörulínu geta allir nýtt sér sama **System image**¹ og þannig einfaldað uppsetningar, umsjón og viðhald.

Hámarks uppitími

- Dell hannar, framleiðir og prófar hvern netþjón fyrir afhendingu og eykur með því gæði, dregur úr bilunum og einfaldar uppsetningarráttu.

Aukin afköst

- Allt að 152% afkastaaugning með nýjasta Intel® Xeon® örgjörvanum.²

Dell™ PowerEdge™ 2950

Netþjón með nýjstu kynslóð örgjörva. Fullkomið jafnvægi milli afkasta, áreiðan- og sveigjanleika fyrir stækkaði þjónustur s.s.

- Vefþjónustur
- Póstþjónustur
- Gagnagrunnsþjónustur
- Skráar- / Prentþjónustur

Dual-Core Intel® Xeon® 5110 örgjörvar
(1,6GHz, 4MB Cache, 1066MHz FSB)

4GB FBD vinnsluminni

2x 146GB SAS diskar

Tveir straumgjafar

3 ára ábyrgð

349.900 kr.

m.vsk.

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.



1) PowerEdge 1950, 2950 og 2900 geta allir nýtt sér sama System Image. 2) Byggir á SPECjbb2005 hraðaprófum, gerðum á tilraunastofum Dell í desember 2005. ©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerki og PowerEdge eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerka annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölu getur notað afritunarvarmáttækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu rásetingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Hversu hátt stefnir

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

Himinn og haf / SIA – 9070354




ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur,
lítill áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf




HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættu-
dreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf



Þú?




ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærrí væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með
erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.

 **Netbankinn**

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum
verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi
við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt
á www.nb.is.

 **VERÐBRÉF**

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

Börn eiga rétt á lífsgæðum og góðum foreldrum.

Þau sem erfa landið

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Umræða um kjör barna hefur aukist mikið undanfarin ár. Þessi umræða hefur þó á stundum ekki síður snúist um rétt foreldra en barna. Þannig hefur umræða um skóla og leikskóla að miklu leyti snúist um það hversu lengi dags börnin geti dvalið á þessum stöðum. Í skuggann fellur þá umræða um uppeldisstarfið og kennsluna sem þau hljóta.

Hér er þó á engan hátt gert lítið úr því góða starfi sem unnið er á uppeldisstofnunum heldur bent á þá þróun sem orðið hefur í þá átt að börn dvelja nú frá unga aldri utan heimilis mikinn meirihluta vöktíma síns á virkum dögum.

Umræðan um hag barna hefur skilað miklum árangri. Ýmis ytri skilyrði voru að mörgu leyti börnum hagstæðari áður, svo sem meiri festa í fjölskyldumálum og meiri viðvera fullorðinna á heimilum. Þrátt fyrir þetta var vitundin um rétt barna enn fjær en nú er.

Umboðsmaður barna í Svíþjóð, Lena Nyberg, var hér á landi í síðustu viku. Í viðtali sem birtist hér í Fréttablaðinu í gær benti hún meðal annars á þá áherslu sem í sænsku samfélagi er lögð á rétt fullorðinna til að eiga börn en ekki á réttindi barna til að eiga góða foreldra. Þessi staðhæfing á allt eins við um íslenskt

Málefni barna snúast um rétt barna til mann-sæmandi lífs, heilsu, menntunar og lífsgæða.

samfélag. Lena bendir á að börn foreldra sem ekki ráða við hlutverk sitt séu þau börn sem verst verði úti í samfélaginu, sem ekki bregðist við erfiðleikum barna nema foreldrarnir berjist fyrir rétti þeirra. Þetta eru atriði sem rétt er að gefa gaum.

Hagsmunir foreldra og barna eru vitanlega ekki gagnstæðir. Þvert á móti fara þeir íðulega saman. Þó er hollt að staldra við og greina umræðuna og áherslurnar sem settar eru fram um málefni barna og velja því vandlega fyrir sér hvort hagsmunir barnanna sjálfra séu ekki áreiðanlega í fyrirrúmi.

Hér á Íslandi býr hærra hlutfall barna við fátækt en á hinum Norðurlöndunum. Þetta er ótækt í samfélagi sem kallast velferðar-samfélag. Í þessu fara hagsmunir foreldra og barna ótvírætt saman.

Málefni barna snúast um rétt þeirra til mannsæmandi lífs, heilsu, menntunar og lífsgæða; þau snúast einnig um rétt barna til að hafa áhrif á eigið líf og að hlustað sé á þau og tekið mark á þeim. Hagsmunir barna felast einnig í að þær stéttir sem starfa við að uppfræða þau og hlýna að þeim í daglegu lífi beri úr býtum mannsæmandi laun og geti þannig verið enn stoltari af því mikla starfi þau vinna.

Foreldrar hljóta að líta til þess hvaða stefnu þeir stjórnmála-flokkar sem bjóða fram til Alþingis hafa í málefnum barna og fjöl-skyldna. Þau málefni eru meðal þeirra sem kosið er um í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



**BÆTUM KJÖRIN
BURT MEÐ FÁTÆKT**

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin launaleynd

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, hefur verið farsæll í starfi stjórnanda. Á landsfundi Samfylkingar um helgina sagði hann það vera eitt af mál-efnum 21. aldarinnar að auka gagn-sæi þannig að þeir sem þæðu laun gætu rætt launamál sín opinberlega og borið saman við laun samstarfs-manna. Þá þyrftu stjórnendur að útskýra af hverju einn væri á hærra launum en annar. Það



verður því spennandi þegar allir launasamningar starfsmanna Glitnis verða endurskoðaðir með það fyrir augum að afnema launaleynd og fólk getur rætt sín laun og bón-

usa við hvert annað. Þetta er nefnilega ekki verkefni stjórnvalda heldur stjórnenda eins og Bjarna.

Formannskosningar

Landsfundarfulltrúar Samfylkingarinnar fengu ekki að segja hug sinn til formanns og varaformanns flokksins í kosningu. Um helgina voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson endurkjörin í sín embætti án atkvæðagreiðslu þar sem enginn bauð sig fram gegn þeim. Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins voru Geir Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir endurkjörin. Sjálfstæðismenn virðast ánægðir með sína forystusveit. Geir fékk 95,8 prósent at-

kvæða. Þegar Geir var fyrst kjörinn formaður árið 2005 fékk hann 94,3 prósent greiddra atkvæða. Árið 2003 fékk Davíð Oddsson 98 prósent atkvæða í formannskjöri.

Rangur flokkur

Á fimmtudaginn var ýjað að því hér í þessum dálki að Birgir Guðmundsson hefði ihugað framboð fyrir Íslandsflokkinn og rætt við menn um slíkan kost. Hafa skal það sem réttara er, að samkvæmt sögunni á Birgir að hafa ihugað framboð fyrir Framsóknarflokkinn fyrir nokkru og rætt við menn þar að lútandi, en ekki vegna tilbóðs Íslands-hreyfingarinnar.

bjorgvin@frettabladid.is
svanborg@frettabladid.is

Samfylkingin og ný ríkisstjórn

Í hverjum spjallþætti helgarinnar á fætur öðrum byltist spurningin: Með hverjum vill Samfylkingin vinna í ríkisstjórn? Svárið liggur í þeim verkum, sem jafnaðarmenn telja bíða nýrrar ríkisstjórnar.

Tvönn brýn verkefni bíða nýrrar ríkisstjórnar á sviði lýðræðis-legra umbóta. Breyta þarf stjórnarskránni þannig að ótvírætt sé, að þjóðin eigi sameiginlega allar auðlindir, sem ekki eru í einka-eign, og að þær megi aldrei selja eða láta varanlega af hendi. Í kjölfarið þarf að setja skýran laga-ramma um nýtingu auðlinda, sem tryggir í senn að jafnræði ríki um öflun afnotaréttar að sameigin-legum auðlindum og að eigandinn, þjóðin, fái sanngjarnt gjald fyrir.

Hitt verkefnið er að breyta stjórnarskránni þannig að almenningur öðlist rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um umdeild stórmál, einsog stórvirkjanir eða stjórnkerfi fiskveiða. Hún þarf einnig að beita sér fyrir ótvíræðri heimild um að hægt sé að setja á laggir óháðar rannsókn-arnefndir til að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu, sbr. mál Árna Johnsen. Æskilegt væri að hún leitaði sátta um að gera landið að einu kjördæmi til að tryggja að allir hefðu jafnt atkvæðavægi.

Ný ríkisstjórn þarf líka að freista þess að skapa víðtæka sátt um samningsmarkmið í tengslum við hugsanlega aðild að Evrópu-sambandinu. Hún þarf að hefja aðildarviðræður á kjörtímabilinu ef um það næst sátt. Þær niður-stöður yrðu að sjálfsögðu bornar undir þjóðaratkvæði. Meðal mikilvægra verka er



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON
Í DAG | Samfylkingin

að treysta hinar íslensku rætur þeirra öflugra fyrirtækja sem hafa með útrás lagt grunn að gríðar-legri auðsköpun fyrir Íslendinga. Evrópustefnan er þýðingarmikil leið að því marki. Mikilvæg leið er líka að tryggja samkeppnis-hæft skattaumhverfi. Ný ríkis-stjórn með jafnaðarmenn innan-borðs myndi ekki hækka skatta á hagnað fyrirtækja.

Jafnhliða þarf að hlúa að þeim gróskuriku sprotum á sviði nýja atvinnulífsins, hátækni og þekk-ingarframleiðslu, sem eiga í fram-tíðinni að tryggja velsæld og sam-keppnishæfni samfélagsins. Út-vistun verkefna frá ríkinu og aukið fjármagn í ýmiss konar þróunarsjóði eru sterkar leiðir að því marki. Á þessu sviði hefur Samfylkingin algera sérstöðu. Á Sprotapingi SI unnu tillögur okkar um nýja atvinnulífið gull, silfur og brons í kosningu.

Besta leiðin til að efla nýja atvinnulífið er þó að endurheimta stöðugleika í efnahagslífinu. Draga þarf úr sveiflum og þenslu, og fara mjög gætilega í allar stór-framkvæmdir sem skapa óstöðug-leika. Þenlan spólar upp gengið sem ryður efnilegum sprotafyrir-tækjum úr landi. Engar ákvarð-

anir um frekari stóriðju á að taka fyrr en ljóst er að hagkerfi-ð þolir þær, og búið er að gera rammaáætlun um náttúruvernd, þar sem ómetanleg svæði eru tekin frá um aldur og eilífð.

Ný ríkisstjórn þarf að leggja í einbeitt átak gegn ójöfnuði, sem hefur aukist verulega síðan 1995. Hún þarf að lækka matar-verð með því að leggja til atlgö gegn vörugjöldum og innflutningstollum, afnema stimpilgjöld af húsnæðislánum, lækka lyfja-verð með því að afnema á þeim virðisaukaskatt, efla barnabætur og bæta kjör eldri borgara með margvíslegum hætti. Jafnaðar-menn stefna að því að eldri borg-arar geti aflað 100 þúsunda í mán-áðartekjur úr lífeyrissjóðum eða með vinnu án þess að það skerði bætur úr almannatryggingakerfi-nu. Um leið og svigrúm skapast á ný ríkisstjórn að nýta það til að hækka skattfrelsimörk en hlut-fallsleg lækkun þeirra hefur kall-að bág kjör, stundum hreina fátækt, yfir aldrað fólk, einstæð fer-eldri og barnafjölskyldur með lág laun. Fátækt gamals fólks og fátækt barna er svartur blettur á einu ríkasta landi veraldar. Ný ríkisstjórn verður að fara með þvottaklúttinn á hann.

Ný ríkisstjórn ætti líka að gera Bjarna Ármannsson, bankastjóra, að sérstökum ráðgjafa um hvernig best sé að útrýma kynbundnum launamun. Á landsfundi Samfylk-ingarinnar um helgina talaði hann einsog sá leiðtogi atvinnulífsins sem vitið hefur í því efni.

Með hverjum vill Samfylkingin starfa? Eg spyr á móti: Hver vill vinna með okkur þessi verk?

Hjörleifi Guttormssyni svarað

UMRÆÐAN

Stjórnmál

Í Fréttablaðinu á föstudaginn birtist grein eftir Hjörleif Guttormsson þar sem hann fer þess á leit við Ómar Ragnarsson og Íslandshreyfinguna að þau hætti við margboðað framboð sitt til Alþingis.

Íslandshreyfingin – lifandi land var stofnuð í þeim tilgangi að fjölga í græna líðinu. Henni er ætlað að vera málsvari þeirra sem láta sig umhverfismál varða en geta af ýmsum ástæðum ekki kosið VG. Meðal baráttumála er að styðja við nýsköp-un og framsýna atvinnustarfsemi aðra en þá sem skaðar land og þjóð. Hún leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlindanna og kys gæði umfram magn og fjölbreytni umfram einsleitni. Hún styður heils hugar við einkaframtakið og er á móti auknum skattaálgögum. Hún vill sjá hátt menntunarstig og blómlega starfsemi í öllum byggðum. Stefnuna má kynna sér á www.islandshreyfingin.is.

Gallinn við þetta útspil Hjörleifs er sá að hann er að spilla fyrir vinnu okkar við framboðið. Síðustu vikur hefur verið unnið að því fullum fetum að koma saman trúverðugri stefnu og málefna-skrá. Það hafa verið haldir fundir víða um land og mikill



SIGURÐUR H. SIGURÐSSON

tími farið í að finna frambærilegt fólk til að leiða alla framboðslistana. Þeirri vinnu er nú lokið og verða listarnir kynntir fljótlega. Vonumst við til að það slái á allar úrtöluraddir í eitt skipti fyrir öll.

Að bjóða fram til Alþingis er lýðræðisleg leið til þess að hafa áhrif á mikilvæg mál og ná fram breytingum. Við sem stöndum að Íslandshreyfingunni teljum okkur eiga fullt erindi inn á þing. Annars værum við ekki að þessu.

Að ætla að gera Ómar og hans fólk ábyrgt fyrir því ef ríkisstjórnin fær aukinn byr í seglin er afar ósanngjarnt og ætti Hjörleifur að hafa hugsað sig um tvisvar áður en hann ákvað að ráðast opinberlega gegn okkur. Hins vegar eru fjórar vikur til kosninga og mjög margir kjósendur enn óákveðnir. Við munum kynna okkar málstað eins víða og unnt er og erum þakklát öllum þeim sem aðstoða okkur í því sambandi.

Af hverju biðlar Hjörleifur ekki frekar til þeirra umhverfissinna sem kosið hafa Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk og hvetur þá til að styðja Íslandshreyfinguna?

Höfundur er stofnfélagi í Íslandshreyfingunni – lifandi landi. Lesa má lengri útgáfu greinarinnar á Vísí.



Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir góðri og fjölbreyttri þekkingu. Markmið okkar er að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

Tvær annir

Ein önn

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám 396 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta námsins er farið í rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Þetta er frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám 462 stundir

Nám sem eykur samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera þá færari í bókhaldsstörfum og afla sér sérþekkingu, og færast með henni nær sjálfum rekstrinum.

Tekin eru saman þrjú stór námskeið sem öll styðja með margvíslegum hætti hvort annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

Skrifstofunám og hönnun 414 stundir

Þetta nám þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu.

Auk þess að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að útbúa hvers konar kynningarefni og vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Sölunám og hönnun 420 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni er lögð áhersla á að gera nemendur færa um að hanna og útbúa hvers konar kynningarefni auk þess að vera tengiliður fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur.

Með þessu opnast nýir möguleikar hjá fyrirtækjum og stofnunum sem útbúa sitt eigið kynningarefni og styrkja þar með söluférlinn.

Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar öllum sem annað hvort eru á leið út á vinnumarkaðinn eða vilja styrkja stöðu sína í starfi.

Þetta nám er markvisst og einstakt fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, TÖK-tölvuökuskírteini*, streitustjórnun og gerð kynningarefnis.

* TÖK er alþjóðleg viðurkenning á tölvuþekkingu einstaklings í upplýsinga-tækni, Windows, Word, Excel, Power Point, Access og Internetinu.

Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Við bjóðum upp á líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum eða vilja einfaldlega styrkja sig í starfi.

Í náminu er m.a. farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini, markaðsfræði og gerð kynningarefnis. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Fjármála- og rekstrarnám 132 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræðum, fjármálastjórnun og áætlanagerðum en áhersla er lögð á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkunn á Excel töflureikni.

Upplýsingar og skráning á haustönn í síma 544 4500 og á www.ntv.is

ntv.is

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
ER 56 ÁRA Í DAG

„Við erum að fjalla um „plain“ mann, sem er bolur inn við bein, er nú til fimm maður, vill kaffið svart, vill hafa þetta einfalt, ekkert sushi og vesen.“

Stórsöngvarinn útskýrir texta lagsins
Bolur inn við bein.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 16. APRÍL 1943

Ofskynjunaráhrif LSD uppgötvuð

Pennan dag árið 1943 í Basel í Sviss innbyrta Albert Hofmann, svissneskur lyfjafræðingur, fyrir slysi lyf sem hann hafði búið til fimm árum áður og nefndi LSD-25. Eftir inntöku lyfsins fann Hofmann fyrir óvenjulegri líðan og ofskynjunum sem hann lýsti þannig á minnisblöðum sínum: „Síðasta föstudag, 16. apríl 1943, varð ég að gera hlé á störfum mínum um miðjan dag og halda heim á leið, vegna óvenju mikils óróa og vægsvima. Þegar heim var komið lagðist ég niður og sökk í frekar þægilegt mök sem örvaði myndunarafflið gífurlega mikið. Í draumkennu ástandi, með augun lokuð, streymdi fram í hugann óslitin röð stórkostlegra mynda



ALBERT HOFMANN í draumkennu ástandi streymdi fram í huga hans óslitin röð stórkostlegra mynda. Síðar varð LSD eitt vinsælasta vímuefni heims.

í ótrúlegum lögum og litum. Eftir um það bil tvo klukkutíma fjöruðu áhrifin út.“ Lyfið öðlaðist ekki heimsfrægd fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar en þá hófu ýmsir þekktir byltingarmenningarvitar, eins og Timothy Leary, Albert M. Hubbard og Ken Kesey, notkun á því sem þá var oft nefnt hugvíkkandi. Ýmsir listamenn aðrir notuðu lyfið til að ná fram nýjum víddum og til að mynda gerði Rolling Stones plötuna „Their Satanic Majesties Request“ að mestu undir áhrifum LSD eins og glögggt má heyra í samanburði við önnur verk sveitarinnar. Framleiðsla, sala, eignarhald og neysla LSD var síðan bönnuð í Bandaríkjunum árið 1965.

MERKISATBURÐIR

- 1705 Isaac Newton er aðlaður.
- 1915 Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélagsins, kemur til Reykjavíkur.
- 1917 Lenín snýr aftur til Rússlands frá Finnlandi og hefur rússnesku byltinguna.
- 1947 Bernard Baruch býr til hugtakið „kalt stríð“.
- 1948 Efnahagssamvinnustofnun Evrópu stofnuð. Hun varð síðar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).
- 1954 AA-samtökin eru stofnuð á Íslandi.
- 1975 Rauðu Khmeramir hertaka höfuðborg Kambódíu, Pnom Penh.



HÚSIN ENDURREIST Fjölmargir misstu heimili sín í skjálftanum sem var 7,6 stig á Richter. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA

Uppbyggingin heldur áfram

Uppbygging vegna jarðskjálftans sem varð í Pakistan í október 2005 gengur vel. Alþjóðaneyðarhjálp kirkna/ACT hefur nú varið þeim 16,7 milljónum króna sem söfnuðust hér á landi. Þá hefur ríkið endurgreitt virðisaukaskattinn sem heimtur var af sölu disksins Hjálparstarfs kirkjunnar, er nýkominn frá jarðskjálftasvæðunum í Pakistan þar sem hún kynnti sér uppbyggingarstarfið.

„Þessi verkefni sem við höfum einbeitt okkur að hafa gengið afar vel og fólkið sem ég talaði við var þakklátt og ánægt,“ segir Anna. Hjálparstarfið í Pakistan er fjölbreytt. Fólkið hefur fengið aðstoð við að byggja upp heimili sín sem hrundu í skjálftanum, vatns- og frárennismál hafa verið bætt og fólkið í búðunum hefur fengið uppbyggjandi fræðslu um hreinlæti, meðhöndlun matvæla og umönnun ungbarna svo fátt eitt sé nefnt.

„Vissulega er mikil vinna fram undan. Það er brýnt að byggja svæðið betur upp efnislega og eins þarf að þétta samfélagsnetið,“ segir Anna en 80.000 manns létust í skjálftanum.

Anna M. Þ. Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar, er nýkominn frá jarðskjálftasvæðunum í Pakistan þar sem hún kynnti sér uppbyggingarstarfið.

„Þessi verkefni sem við höfum einbeitt okkur að hafa gengið afar vel og fólkið sem ég talaði við var þakklátt og ánægt,“ segir Anna. Hjálparstarfið í Pakistan er fjölbreytt. Fólkið hefur fengið aðstoð við að byggja upp heimili sín sem hrundu í skjálftanum, vatns- og frárennismál hafa verið bætt og fólkið í búðunum hefur fengið uppbyggjandi fræðslu um hreinlæti, meðhöndlun matvæla og umönnun ungbarna svo fátt eitt sé nefnt.

FERILL HÚSAMEISTARA RAKINN

Minning Guðjóns Samúelssonar

Pétur Ármannsson arkitekt, einn reyndasti rannsóknarmaður okkar um þessar mundir í sögu íslenskrar húsa-gerðar, heldur í kvöld fyrirlestur í hátíðarsal Háskóla Íslands en í dag, 16. apríl, eru 120 ár liðin frá fæðingu Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins. Af því tilefni mun Pétur H. Ármannsson arkitekt FAÍ halda fyrirlestur um fjölbætt framlag hans til byggingarlistar og skipulagsmála. Byggir Pétur þar á rannsóknum sínum sem hann var styrktur til að vinna fyrir fáum árum og miða að því að ná saman skrá um verk Guðjóns en slík skrá var ekki til: á fimmta hundrað húsa voru byggð eftir teikningum hans og þá eru ótalin hús sem hann vann en skráð eru eða uppárituð af aðstoðarmönnum hans eins og Einari Erlendsyni. Verkaskránni hefur Pétur komið í gagnagrunn. Þá er eftir að kanna hús sem ekki risu og teikningar af þeim.

Guðjón Samúelsson (1887-1950) var fyrstur Íslendinga til að ljúka háskóla-þrófi í byggingarlist árið 1919. Hann gegndi embætti Húsameistara ríkis-



GUÐJÓN SAMÚELSSON HÚSAMEISTARI



HÚSAGERÐARLIST Fræg mynd tekin við opnun Sundhallarinnar og gefin út á póstkorti og er líklega eftir Ólaf Magnússon ljósmyndara. Myndin sýnir mætavel hvíllur listamaður Guðjón var.

ins um 30 ára skeið frá 1920 til 1950. Á því tímabili teiknaði hann flest stórhýsi sem byggð voru á vegum ríkisins auk fjölda smærri bygginga.

Með hugmyndum sínum og verkum hafði hann víðtæk áhrif á þróun íslenskrar húsa-gerðarlistar á tímabilinu frá 1915 og fram yfir 1930. Hann átti sæti í fyrstu skipulagsnefnd ríkisins frá stofnun hennar og á vegum hennar vann hann skipulagsuppdrætti af flestum þéttbýlisstöðum landsins á árunum 1921 til 1938. Þá var Guðjón Samúelsson upphafsmaður þess að nýta hrafntinnu, kvars og silfurberg til að húða yfirborð steinsteypra útvegga í tengslum við byggingu Þjóðleikhúss-

ins árið 1933. Guðjón naut mikils atlætis af hálfu ráðamanna og á sínum tíma kom út rit með ljósmyndum af húsum hans sem hefur verið ófánlegt um áratugi. Rannsóknir Péturs miða að því að koma verkaskránni á hreint sem er grundvöllur þess að hægt sé að vinna frekara yfirlit um þennan mikla listamann.

Fyrirlesturinn er samstarfsverkefni Arkitektafélags Íslands og Háskóla Íslands. Hann fer fram í hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands við Suðurgötu mánudaginn 16. apríl næstkomandi og hefst kl. 20.00.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

FÆDDUST ÞENNAN DAG



Charlie Chaplin leikari 1889.



Merce Cunningham danshöfundur 1919.



Benedikt páfi sextándi 1927.



Dusty Springfield söngkona 1939.



Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur 1958.

Námskeið í stílisingu

Anna F. Gunnarsdóttir, kennd við Önnu og útlitið, heldur námskeið í stílisingu á alþjóðlegum viðskiptamönnum og „metrósexúal mönnum“. „Þeir sem ætla á námskeiðið verða að kunna Tónal-litagreiningu, og hafa farið í textíl- og línufraeði,“ sagði Anna. Námskeiðið hefst á þriðjudag og stendur í tvo mánuði.

„Nemendur læra hvernig alþjóðlegi bizznessmaðurinn á að vera. Það er þá bæði framkoma og klæðaskápurinn og litirnir í honum, hvað þeir gera,“ sagði Anna. „Beige og bláir litir tákna til dæmis heiðarleika. Brúnt tákna hins vegar að þú hafir ekki skoðun á einum einasta hlut,“ útskýrði hún. „Svo er líka farið í metrósexúal manninn. Hann er auðvitað djammkarl og sportari líka, svo það er þrískipt. Þá eru miklu meiri fylgihlutir, eins og armbönd og eyrnalokkar,“ bætti hún við.

Anna segir mikinn markað vera fyrir slíka þjónustu stílista. „Bizznessmönnum finnst hundleiðinlegt að kaupa fatnað, en karlmenn gera sér hins vegar grein fyrir því hvað föt eru mikið valdataeki,“ sagði hún. „Þegar stjórnmálamaður er í framboði er alveg séð um þá, til dæmis,“ sagði hún.

ANNA F. GUNNARSDÓTTIR Kennir stílistum hvernig alþjóðlegir viðskiptamenn og „metrósexúal“ menn eiga að vera. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Bestu kveðjur og þakkir til allra sem sýndu samúð við andlát og jarðarför

Pormóds Eiríkssonar
Hulduhlíð, Eskifirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hulduhlíðar fyrir einstaka alúð og umhyggju í veikindum hans.

F.h. vandamanna

Þorbjörg Eiríksdóttir.

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhraun 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is



IPHONE Í FORGANG
Útgáfudegi nýjasta stýrikerfis
Apple seinkað

GRÆJUR 2

TÆKNIVÆTT ARMBAND

Litrík armbönd sem segja
til um þegar SMS berst
í farsíma

GRÆJUR 2



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[GRÆJUR]

Apple fyrirtækið tilkynnti nýlega um að seldur hefði verið 100 milljónasti iPod-inn. Þar með er iPod sá tónlistarspilarari sem hraðast hefur selst í heimi. Fyrsti iPod-inn var seldur fyrir fimm og hálfu ári, í nóvember 2001. Síðan þá hefur Apple kynnt til sögunnar yfir tíu ný iPod módel.



Microsoft mun hætta að selja tölvur með Windows XP stýrikerfinu í lok janúar 2008. Windows XP stýrikerfið hefur verið á markaðnum síðan síðla 2001 en nú á það að víkja fyrir hinu nýju Windows Vista sem þó hefur hlotið dræmar móttökur.

Yfirvöld í Peking í Kína leggja nú í mikla herferð gegn klámi á netinu þar sem talið er að það sverti huga ungra Kínverja.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
16. apríl, 106. dagur árs-
ins 2007.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 5.54	13.28	21.04
Akureyri 5.31	13.12	20.56



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Matthías Sigurðarson tannlæknir segir sjónvarpsglæraugun hafa jákvæð áhrif á kvíða og sársaukaskynjun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með flatskjá á nefinu

Matthías Sigurðarson tannlæknir býður Karíus og Baktus byrginn með sjónvarpsglæraugum.

„Sjúklingurinn setur glæraugun á nefið og þau tengjast DVD-spilara og heyrnartólum. Síðan er þetta eins og að horfa á flatskjá þar sem allt er í fókus og með texta,“ segir Matthías Sigurðarson tannlæknir.

Hjá Matthíasi er öllum sjúklingum boðið upp á sjónvarpsglæraugun en það er þó engin skylda.

„Við erum með nokkuð gott safn herna á stofunni. Til dæmis Aðþrengdar eiginkonur, Simpsons og Vini sem eru alltaf vinsælastir. Einnig gott úrval af barnaefni. Síðan geta sjúklingar komið með eigið efni,“ segir Matthías sem reynir að mæta óskum sjúklinganna og er enn að bæta við safnið.

Glæraugun hafa að sögn Matthíasar bein áhrif á kvíða sem síðan hafi óbein áhrif á sársaukaskynjun.

„Í hugum margra eru tannlæknar bara að meiða mann og síðan þarf að borga fullt fyrir það. Glæraugun geta stýtt tímann og gefið sjúklingum jákvæðari reynslu,“ segir Matthías sem segir þau sérstaklega vekja lukku hjá yngri kynslóðinni.

Glæraugun fylgja hverjum stól og að sögn Matthíasar stendur nú til að bjóða upp á þráðlaus heyrnartól svo viðskiptavinir geta notið tónlistar auk myndefnis.

rh@frettabladid.is

Bluetooth í bílinn á viðráðanlegu verði

HÆGT ER AÐ FÁ BLUETOOTH-EININGAR Í BÍLA. TÆKIN VIRKA VEL.

Ólöglegt er að tala í síma á meðan ekið er. Því verður sífellt vinsælla að bílar séu búnir Bluetooth-búnaði. Hann er hins vegar dýr, sérstaklega þegar setja á hann í bílinn eftir að hann er kominn á götuna. Það er þó hægt að komast í kringum þetta vandamál.

T-210-DSP er ódýr Bluetooth-eining í bíla sem er einföld í uppsetningu. Einingin virkar vel og er mjög notendavæn. Ófugt við hefðbundnar innbyggðar einingar getur reyndar verið erfitt að finna henni stað.

T-210-DSP er hins vegar ekki dýr, kostar 6.990 krónur, og þar hefur hún vinninginn yfir önnur tæki.



- Steiktar kjötbollur í brúnsósu

Tilboð dagsins!

kjötbollur á 698.- kr.kg



Hitman tölvuleikurinn


kemur von bráðar á hvíta tjaldíð. Leikirnir hafa selst í meira en sex milljónum eintaka og notið mikilla vinsælda. Kvikmyndin er framleidd af Luc Besson.



4 vikna
vornámskeið
hefst 23. apríl

**Upplagt til kynningar
fyrir byrjendur.**

Innrítun og upplýsingar
í síma 561 5620.
www.schballett.is



BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving

Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

LÉTT
BYLGJAN
967
- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR
www.visir.is

www.topp5.is

ÍSLENSKIR BÍÓGÚRÚAR GETA NÁLGAST FRÉTTIR OG SÝNISHORN ÚR MYNDUM Á WWW.TOPP5.IS

Fátt er betra en að kíkja á nokkur sýnishorn úr komandi kvikmyndum þegar skrifstofuvinnan er alveg að drepa mann. Á topp5.is er að finna fullt af sýnishornum í finni upplausn, sem fljótlegt er að hala niður. Þau eru líka vistuð hérlandis sem er alltaf kostur. Á síðunni má líka nálgast fréttir úr kvikmyndaheiminum. Athugið þó að hin bráðskemmtilega frétt um Shawshank Redemption 2 var sett á vefinn 1. apríl.



Mario með hljóði

Skemmtilegar stytur af tölvuleikjafígúrunum Luigi og Mario.

Margt er til í henni veröld, bæði nýtsamlegt og ónytsamlegt. Í síðari hópinn falla líklega þessar stytur af þeim bræðrum Mario og Luigi. Til eru þrjár mismunandi gerðir af plaststytturnum klénu, Mario, Fire Mario og Luigi. Hver stytta gefur frá sér hljóð þegar ýtt er á hausinn á körlunum kná. Tilgangurinn er en skemmtunin því meiri. www.think-geek.com.



iPhone í forgang

Útgáfudegi nýjasta stýrikerfis Apple var seinkað út af hönnun og markaðssetningu iPhone.

Útgáfa á nýjasta stýrikerfi fyrir Mac tölvur frá Apple, Leopard OS X 10.5, hefur verið seinkað fram í október. Ástæðan er útgáfa á iPhone símunum í júní næstkomandi.

Tiger stýrikerfið, undanfari Leopard, vakti á sínum tíma mikla lukku og sannir Mac-aðdáendur eru því sennilega orðnir óþreyjufullir. Að sögn talsmanna Apple voru aðalhönnuðir og framleiðendur Leopard fengnir til að sinna iPhone. Allt til að forða frekari töfum á útgáfudegi símans.

Apple ætlaði upphaflega að kynna Leopard stýrikerfið á ráðstefnunni Worldwide Developers Conference í júní.

www.macworld.com. - rh



Apple ákvað að setja iPhone í forgang og seinka því útgáfu nýjasta stýrikerfisins Leopard.

Tæknivætt armband

SEGIR ÞÉR HVÆNÆR ÞÚ FÆRÐ SMS.

Marglitu armöndin úr Nokialcon-línunni eru hönnuð af Lopez Revol. Þau eru úr mjúku gúmmí og sýna hvenær textaskilaboð berast í símann þinn eða þegar hann hringir.

Úr sömu línu Nokia má fá sjálflysandi armbönd sem verða rauð eða hvít þegar símtal eða SMS berst í farsímann. Og hvernig virkar þetta? Böndin eru tengd við Nokia 7280 símann gegnum Bluetooth. Nánar á geeksugar.com.



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vonduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

ALLTAF BETRI VERÐ!



Omega turnarnir komnir aftur!

Verð aðeins **2.900 kr.**



Acer Core 2 Duo fartölva

Core 2 Duo 1.6 GHz, 1 GB RAM, 120 GB HDD, DVD±RW 15.4" skjá

Verð aðeins **99.900 kr.**



Chicony vefmyndavélar í miklu úrvali!

Kynningarverð **30% afsláttur**



Tæknibær

Skipholti 50c • Sími 551 6700 • www.tb.is

allt

auglýsingasími

550 5880

GRAS

**NÝTT OG BETRA GRAS...
EKKERT GERVIGRAS!**

WWW.GRAS.IS

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8-18
UM HELGAR 11-16

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílar til sölu



Til sölu Hyundai Tucson árg. '05, ekinn 8400 km. Einn með öllu. Upplýsingar í síma 894 2255.

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

ÚTSALA SPARIÐ MILLJÓN!

2006 Ford Jeep Dodge
Frá Kr. 2.590.000

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2.590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýjir og nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Til sölu Corolla 1.8 4x4 station '96 álf, cd, krókur. Bill í topp standi og lítur vel út. v. 270 þ. Uppl. í s. 898 0503.



M-Bens C-180 árg. '99 ssk. til sölu. Verð 1.050 þús. áhv. 600 þús. Uppl. í s. 894 2454 Ragnar.



Lexus is 200 árg. 2001 sjálfs. Upplýsingar í síma. 867 5771.



Dodge Stratus til sölu, árg. '02 ek. ca. 24.300 mílur. Einstaklega eigulegur bill og vel með farinn. Uppl. í s. 692 9857 & 865 3178.



Suzuki Jimny til sölu, árg. '01 ek. ca. 63.000 km. Uppl. í s. 865 3178 & 692 9857.

600 þús. í afslátt.

BMW 320 diesel. árg. 07/02. 110% eintak. Sjálfsk. Skoða öll skipti. Ásett 2.500 þ. Verð nú 1.900 þ. Áhv. 1.640 þ. Uppl. í s. 844 5222.

Útsala. Vítara árg. '98, ek. 78 þ., sk. '08. V. 330 þ. Ath. skipti. Uppl. í s. 690 1433.

250-499 þús.

Til sölu Lancer station 4x4 ekinn 86 þús. m/krók sumar- og vetrardekk fylgja á felgum kr. 340000 þús. Upplýsingar í s. 557 4404 og 861 6442.

500-999 þús.



Toyota Yaris árg. '99, ek. 51 þús., 5 dyra, 1,3 L vél, sumar- og vetrardekk á felgum. V. 580 þús. Uppl. í s. 862 8789.

VW Polo 1400 árg. '01. Ek. 89 þ. Sumar- og vetrardekk. Verð 700 þ. S. 866 2193.

Til sölu Jeep Grand Limited '93 dekurbill öryggður og á nýjum dekkjum, m/krók, ekinn 100 þús. Verð 650000 þús. Uppl. í síma 557 4404 eða 861 6442.

1-2 milljónir

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

DODGE CALIBER

Nýr 07 Frá Kr. 1.995.000
7,4L pr.100km Fæst sem 4x4

2007 Dodge Caliber. Vandaður og sparneytinn fólkabíll/jepplingur frá Kr. 1.995 þús. 7,4 lítrar pr.100km. Fæst með 4x4. Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Bílar óskast

Óska eftir ódýrum bíl allt að 60 þ. Uppl. í s. 699 2707.

Óska eftir bíl á 40-80 þús. Ekki eldri en '95, má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 663 7762.

Jeppar

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

HYBRID

Lægra innkaupsverð
40% minni gjalda!

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hð. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790 þús., Nýr 2007 frá 4.390 þús. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Nissan Patrol GR nýskráður 12 / 2005, ekinn 26 þ. km, - Upphækkaður 33" dekk, stígbretti, túrbína, þakbogar, kastarar omfl. Verð 4.490 þús. Allar nánari uppl. hjá Heimsbílum í s. 567 4000.

Jeepster '67 breyttur fyrri 38", 2 body, þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 899 4009.



Pajero '89 4 cyl í topplagi SK. '08. Verð 80 þús. S. 897 1596.



Isuzu Trooper árg. '99, ek. 160 þús. 35" breytur. Ásett 1480 þ. Fæst á 1. miljón. Uppl. í s. 866 3515.

Pallbílar

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

PALLBÍLAR

Frá Kr. 1.790.000!

Ford F150 frá 1.750 þús.! Ford 350 og Dodge RAM 3500 4x4 dísel með engum hraðatakmarkara frá 3.190þús.

Nýjir og nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Nissan Navara 33" árg. 02/06. Leður, lúga, magazin. Dýrasta típa með öllu. áhv. 3.700 þ. Ásett 3.990 þ. Uppl. í s. 844 5222.

Sendibílar

Vantar þig bíl til flutninga. Hef tvo bíla 11 Rm. og 27 Rm. Gerið verðtilboð, góð þjónusta. Hafðu samband í síma 847 3758.

Vörubílar



Til sölu pallur á 4 öxla vörubíl. Pallur og sturtur í góðu lagi. Verð kr. 600.000 + vsk. Uppl. í síma 891-9181.

www.trukkur.is
Sími 893 8327.

Mótorhjól



Suzuki RM125 Crosser 03. Nýleg plöst, excel-felgur, aukaplöst, hjálmur, standur, stígvél, brynja. 375 þús. stgr. S. 865 0046.

Hjólhýsi



4 m Burstner hjólhýsi '79 gott og vel með farið til sölu. Verð 450 þ. Uppl. í s. 699 4329 e.kl.17.

Fellihýsi

Arftaki
fellihýsanna



Ferðaland Desco 400L
1.299.000,- kr

Greiddubætur
Eftirgjöld
Lánstími
Almennt tölvunám	24.4.2007	25.5.2007	9:00-12:00	90	60	74.900 kr.	Kennt er alla morgna
Almennt tölvunám	29.5.2007	22.6.2007	9:00-12:00	90	60	74.900 kr.	Kennt er alla morgna
DreamWeaver - vefsíðugerð	2.5.2007	8.5.2007	13:00-17:00	27	18	29.900 kr.	Kennt er til 16:00 þri og fim
DreamWeaver og Photoshop	2.5.2007	15.5.2007	13:00-16:00	49	33	49.900 kr.	2., 4. og 7. maí til 17:00
Dreamweaver, Photoshop og Flash	2.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	67	45	69.900 kr.	2., 4. og 7. maí til 17:00
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	7.5.2007	11.5.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun	21.5.2007	25.5.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Excel II: Sérhæfð töflureiknisnotkun	30.4.2007	4.5.2007	9:00-12:00	18	12	29.900 kr.	
Excel IIb: Fjármálastjórn, bókhald	8.5.2007	15.5.2007	9:00-12:00	18	12	36.500 kr.	Kennt er þri/fim/má/þri
FileMaker I: Byrjendanám	3.5.2007	4.5.2007	9:00-12:00	9	6	16.900 kr.	
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð	7.5.2007	9.5.2007	9:00-12:00	13	9	24.900 kr.	
FileMaker III: Forritun gagnagrunna	16.5.2007	8.6.2007	9:00-12:00	27	18	69.900 kr.	
Fingrasetning - tölvuvérlitun	17.4.2007	18.4.2007	9:00-11:00	6	4	6.900 kr.	
Fingrasetning - tölvuvérlitun	16.5.2007	18.5.2007	13:00-15:00	6	4	6.900 kr.	
Flash margmiðlun	21.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	18	12	24.900 kr.	
Hagnýt verkefnastjórnun	26.4.2007	11.5.2007	9:00-17:00	50	33	89.900 kr.	Kennt er fim. og fös.
Internetið og tölvupóstur	26.4.2007	27.4.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Ljósmyndavinnsla með Picasa	30.4.2007	2.5.2007	19:30-22:30	9	6	12.900 kr.	Tvö kvöld, mán./mið.
Ljósmyndavinnsla með Picasa	15.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	9	6	12.900 kr.	
Office 2007: Nýtt og breytt	23.4.2007	23.4.2007	9:00-13:00	6	4	9.900 kr.	
Office 2007: Nýtt og breytt	21.5.2007	21.5.2007	9:00-13:00	6	4	9.900 kr.	
Outlook: Póstur, dagbók og verkefni	2.5.2007	4.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Photoshop I: Ljósmyndavinnsla og myndir	9.5.2007	15.5.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
PowerPoint I: glærugerð og -notkun	14.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
PRINCE2 verkefnastjórnun	26.4.2007	27.4.2007	9:00-16:00	18	12	49.900 kr.	Hádegisverður innifalinn
Project verkefnastjórnun	10.5.2007	11.5.2007	9:00-17:00	22	15	39.900 kr.	
Publisher: útgáfa bæklinga og kynninga	14.5.2007	16.5.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	
Stafræn ljósmyndun	25.4.2007	2.5.2007	19:30-22:30	13	9	16.900 kr.	Kennt er á mán./mið.
Stafræn ljósmyndun	14.5.2007	16.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Tölvusmiðja barna og unglinga	11.6.2007	29.6.2007	9:00-12:00	67	45	45.000 kr.	Kennt er alla morgna
Tölvusmiðja barna og unglinga	7.8.2007	23.8.2006	9:00-12:20	67	45	45.000 kr.	Kennt er alla morgna
Verkefna- og tímastjórnun með Outlook	23.5.2007	24.5.2007	9:00-12:00	9	6	18.900 kr.	
Visio viðskiptagrafik og teikning	29.5.2007	1.6.2007	13:00-16:00	18	12	24.900 kr.	
Windows XP fyrir byrjendur	24.4.2007	25.4.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Windows, Word og Internetið	24.4.2007	8.5.2007	9:00-12:00	27	18	28.900 kr.	Hlé 30. apr. - 4. maí
Word I: Almenn ritvinnsla	7.5.2007	11.5.2007	9:00-12:00	22	15	24.500 kr.	
Word Ia: Grunnur ritvinnslu	7.5.2007	8.5.2007	9:00-12:00	9	6	10.900 kr.	
Word Ib: Betri ritvinnsla	9.5.2007	11.5.2007	9:00-12:00	13	9	16.900 kr.	
Word II: Kraftmikil ritvinnsla	21.5.2007	25.5.2007	13:00-16:00	22	15	26.900 kr.	
Word: Dreifibréf og markpóstur	24.5.2007	24.5.2007	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.	
Word: Töflur og eyðublöð	25.5.2007	25.5.2007	13:00-16:00	4,5	3	6.900 kr.	
Word: Vinnsla langra skjala	21.5.2007	23.5.2007	13:00-16:00	13	9	16.900 kr.	

Tölvunám TV til betri verka
- hringdu núna í síma 520 9000
- og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar
- eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **simapjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Hagnýt verkefnastjórnun



Þetta er nám er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

Helstu kennslugreinar:

- **Undirstaða nútíma verkefnastjórnunar** og helstu aðferðir sem leiða til vel heppnaðra verkefna og markvissrar stjórnunar.
- **PRINCE2 aðferðarfræðin** sem beitt er til þess að undirbúa, áætla og stjórna fjölbreyttum verkefnum með lágmarks áhættu og hámarks árangri.
- **Microsoft Project** við gerð verk- og kostnaðaráætlana, verkeftirlit, utanumhald um auðlindir og stjórnun verkefna og verkefnasafna.

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á verkefnastjórnun og skila vel heppnuðum verkefnum, á réttum tíma og innan ramma kostnaðaráætlunar.

Kennari: *Halldór Kristjánsson, verkfræðingur*

Lengd: 50 st./33 klst. **Hefst 26. apríl.**
Kennt fimmtudag og föstudag kl. 9:00-17:00
Verð: 89.900 Staðgreitt

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvuotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfstöðugt við tölvuotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust.
Verð: 74.900 staðgr.
Tímar: Morgunámskeið 24. apríl og 29. maí.



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa





N1

NÝTT MERKI Í BÆNUM

www.n1.is

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki sem veitir fólki og fyrirtækjum afburðarþjónustu á sviði bíla- tengdrar starfsemi. Auk þjónustustöðva rekur N1 verslanir, þjónustuverkstæði, hjólbarða- og smurþjónustu. Á þjónustustöðvum N1 getur fólk á ferðinni sótt sér orku, ljúffengar veitingar og nauðsynjavörur í dagsins önn. Við erum alls staðar í leiðinni með fjölbreyttar lausnir. **N1 - Meira í leiðinni**

Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MIDASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á BORGARLEIKHUS.IS



SKAPTI ÓLAFSSON

STUÐ MILLI STRÍÐA ertu með eða á móti?

ÞÓRGUNNI ODDSDÓTTUR LEIÐIST SVARTHVÍT UMRÆÐA UM MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR



Ég hef velt því fyrir mér undanfarið hvort Íslendingar séu hættir að geta rætt málin. Menn eru annaðhvort með eða á móti og það má ekki undir nokkrum kringumstæðum slaka á og skoða málin frá fleiri hliðum.

Á dögnum ætluðu klámframleiðendur að halda ráðstefnu á Íslandi. Hér hefði verið tilvalið að koma af stað málefnalegum umræðum um klám og klámvæðingu en í staðinn fyrir að ræða málin á skynsamlegan hátt skiptist þjóðin í tvær fylkingar. Annaðhvort varstu fylgjandi klámi og þar með

hinn mesti klámhundur eða þú varst á móti klámi og þar með hin mesta tepra.

Skömmu síðar ruddist doktor í fjölmiðlafræði fram á ritvöllinn og gagnrýndi forsiðu Smáralindarbæklings sem henni þótti klámfengin. Vissulega var gagnrýnin afar harkaleg og margt í orðum fjölmiðlafræðingsins óafsakanlegt. Hins vegar hefði þetta verið ágætis grundvöllur fyrir tímaþæra umræðu um þá tilhneigingu auglýsingabransans að gera sífellt yngri stúlkur að kynverum algjörlega óháð þessum tiltekna bæklingsi. En allt kom fyrir ekki. Umræðan fór í tvær gagnstæðar áttir. Þeir sem sáu kynferðislegar tilvísanir í myndinni voru stimplaðir

perrar og enginn hafði áhuga á að ræða málin.

Svona virðist þetta vera sama hvaða málefni eiga í hlut. Þeir sem eru á móti Kárahnjúkavirkjun eru afturhaldsseggir og þeir sem eru hlyntir virkjuninni bera enga virðingu fyrir landinu. Það er ekkert þarna á milli.

Það er eins og það sé búið að MORFÍS-væða umræðuna. Annað hvort er fólk með eða á móti og það er harðbannað að taka undir það sem andstæðingurinn segir. Þá er kappræðan töpuð.

Ég held að við ættum að slaka aðeins á. Leyfa umræðunni að færast á málefnalega stig og viðurkenna að flest málefni hafa svo miklu fleiri en tvær hliðar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





Opinn dagur!

Í Háskólanum á Bifröst, fimmtudaginn
19. apríl frá kl. 14 – 17.

Boðið verður upp á leiðsögn um háskólaborpið, skemmtun fyrir börnin og kaffi og vöffur.

- Allar deildir háskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja.
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapar skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða nemendagarða verður til sýnis.
- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis þar á meðal líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi, kakó, vöffur og ís.
- Allir gestir fá frímiða í Hvalfjarðargöngin til baka.

Allir velkomnir

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ABBA BABBA!
eftir Dr. Gunna

FRABÆR
FJÓLSKYLDUSKEMMTUN!

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARDAR LEIKHÚSIÐ

Sun 22. apríl kl. 14.00 Laus sæti
Sun 29. apríl kl. 14.00 Örfá sæti laus

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir Miðaverð kr. 2.500

SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Stórsveit Suðurnesja, Tenörinn o. fl. góðir gestir Miðaverð kr. 3.000

TILFINNINGASÚPA Í HÁDEGINU – Þrið. 17. apríl kl. 12.15
Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzosópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, pianó.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Hjónabandsglæpir

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 29/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
Síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 19/4 nokkur sæti laus, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 örfá sæti laus, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - Cheek By Jowl í samstarfi við Listahátið í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Lau. 21/4 örfá sæti laus, fös. 27/4, lau. 5/5. **Umræður eftir sýningu með Jóhönnu Kristjánsdóttur 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.**

Kassinn

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frum sýning mið. 18/4 **uppselt**, fim. 19/4 **uppselt**, fös. 20/4 **uppselt**, lau. 21/4 örfá sæti laus, fim. 26/4 **uppselt**, fös. 27/4 **uppselt**, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 örfá sæti laus, fim. 3/5 **uppselt**, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus, sun. 13/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.

Kúlan

MJALLHVÍT Brúðsýning Helgu Arnalds.
Fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.

GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Í kvöld mán. 16/4 kl. 20:00 örfá sæti laus.

Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00
á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.
Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggjið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL	DAGUR VONAR
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900	Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20 Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20 Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning	Fös 20/4 kl. 20 FORS. UPPS. Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500 Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS. Lau 28/4 kl. 20 2. sýning Gul kort Sun 29/4 kl. 20 3. sýning Rauð kort Lau 5/5 kl. 20 4. sýning Græn kort Sun 6/5 kl. 20 5. sýning Blá kort Fös 11/5 kl. 20
EILÍF HAMINGJA	KILLER JOE
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús Þri 17/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20 Þri 24/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20	Í samstarfi við leikhúsið Skámána Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20 Síðustu sýningar í vor
LADDI 6-TUGUR	KARÍUS OG BAKTUS
Í kvöld kl. 21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS. Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS. Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30 Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30	Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
SÖNGLEIKURINN ÁST	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í samstarfi við Vesturport Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl. 20 UPPS. Sun 22/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20 UPPS. Fim 3/5 kl. 20 Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20 Fös 11/5 kl. 20 Lau 12/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20 Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is grettir.blog.is	Einleikur Eddu Björgvins Þri 17/4 kl. 20 AUKAS. Mið 2/5 kl. 20 AUKAS. Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.
BORGARLEIKHÚSIÐ	

! Kl. 18:00
Arleg nemendasýning Dansstúdíó World Class – DWC fer fram í Borgarleikhúsinu. Yfirskrift sýningarinnar að þessu sinni er „Áfstæð fegurð“ en aðalskipuleggjandi er Nanna Ósk Jónsdóttir.



>Ekki missa af...
uppákomum í tilefni af **Viku bókarinnar** sem hefst á morgun og líkur næstkomandi mánudag. Nú er um að gera að grúfa sig yfir **skruddurnar**, kíkja í bóka-búðir og á upplestra og **kaet-ast** fyrir hinu **ritaða orði**.

menning

menning@frettabladid.is

Gersemar gærdagsins

Víðavangseikhús er ekki kunnuglegt hugtak í íslensku leikhúslífi en í kvöld má svala forvitni sinni og kynnast slíku í Þjóðleikhúsinu.

Franski leikhópurinn Turak er staddur hér á landi á vegum franska menningarvorsins Pourquoi pas? en forsprakki hans Michel Laubu er þekktur leikhúsmáður á meginlandinu.

Hér er á ferðinni afar sérstæð leiksýning, eins konar ævintýraferð um töfraveröld þar sem ómælisvið myndunarafslins ræður ríkjum í uppþærslu sem er mitt á milli þess að vera brúðleikhús og leikhús hlutanna.

Michel Laubu er einkar ötull tilraunamaður í leikhúsi en hann semur og leikstýrir verkum Turak-hópsins. Laubu hefur einsett sér að vekja aftur til lífsins hið smáa færænlega leikhús sem getur slegið upp tjöldum sínum nánast hvar sem er, leikhús sem tekur mið af umhverfi sínu í hvert sinn.

Hvert atriði er byggt upp af mörgum lögum og hægt að skynja það og túlka á margvíslegan hátt án þess að það sé torskilið. Þvert



LEIKHÚS HLUTANNA EDA BRÚÐLEIKHÚS? Turak-hópurinn tófrar fram undraveröld úr hversdagslegum hlutum.

á móti eru sýningar Turaks hannaðar með það fyrir augum að ná til sem flestra áhorfenda. Turak-hópurinn sýnir reglulega í Frakklandi en hefur ferðast víða um heim með sýningar og sótt leiklistarhátið víða um heim.

Sýningin Etabl'ile fer fram í Kúlunni kl. 20 í kvöld en síðan mun hópurinn ferðast um landið og setja hana upp á Selfossi, í Hafnarfirði, Borgarnesi og á

Grundarfirði, Ísafirði og Akureyri. Sýningar fara fram á litlum samkomustöðum þar sem nánd er mikil milli leikara og áhorfenda. Þessi nánd er leikhústöfrunum lífsskilyrði.

Ætlun hópsins er að ljúka ferðalaginu um Ísland með uppsetningum í íbúðarhúsum í Reykjavík svo það er aldrei að vita hvar ævintýraferðir þeirra munu skjóta upp kollinum. - khh

Draumalandið

eftir Andra Sne Magnason

20. apr fös. 9 sýning kl. 20
21. apr lau. 10 sýning kl. 20
26. apr fim. 11 sýning kl. 20
27 apr fös. 12 sýning kl. 20
28 apr lau. 13 sýning kl. 20

HAFNARFJARDARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Viðburðir Landnámsseturs í apríl

mið 18. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
fi 19. apríl kl. 20 Mýramaðurinn **Laus sæti**
fö 20. apríl kl. 20 Mr Skallagrímsson **uppselt**
lau 21. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
su 22. apríl kl. 16
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
má 23. apríl kl. 20
Brúðleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
fö 27. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
lau. 28. apríl kl. 16 **aukasýning**
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
lau. 28. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su. 29. apríl kl. 16 **aukasýning**
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
su 29. apríl kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**



LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Nánari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamsetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

Angurværð og spé

Söngkonan Sesselja Kristjánsdóttir heldur tónleika ásamt Guðrúni St. Sigurðardóttur í TÍBRÁ, tónleikaröð Kópavogs í Salnum annað kvöld.

Á efnisskrá tónleikanna eru spænsk og frönsk sönglög eftir de Falla og Bizet auk kabarett söngva eftir Kurt Weill, Bolcom, Hollander og Spoliansky. Suðrænir tónar einkenna fyrri hluta tónleikanna í sönglögum sem eru í senn tilfinningaþrungin, létt og melankólísk. Seinni hluti efnisskrárinnar inniheldur söngva þar sem skemmtanagildi skoplegra texta og tónlistar ráða ríkjum, þótt vissulega sé oft stutt í kaldhæðni og svartan hómur.

Sesselja stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi frá tónmenntakennaradeild og síðar 8. stigi frá söngdeild skólans, þar sem kennari hennar var Rut Magnússon. Þaðan hélt hún í framhaldsnám til Berlínar í Hochschule für Musik Hanns Eisler og lauk þar diplómaprófi með hæstu einkum haustið 2000. Sumarið 2001 lauk Sesselja svo eins árs framhaldsnámi frá sama skóla.



SNÝR AFTUR Í SALINN Söngkonan Sesselja Kristjánsdóttir syngur í TÍBRÁ.

Hún hélt debut-tónleika sína í TÍBRÁ í Salnum árið 2002 og vöktu þeir tónleikar mikla hrifningu en síðan þá hafa fjölmargir kynnst henni í hlutverkum í íslensku óperunni og annars staðar.

Þær Sesselja og Guðrúður hafa unnið saman um nokkurt skeið en koma nú í fyrsta skipti saman fram á TÍBRÁR tónleikum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON


Í samstarfi við Vesturport

21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is


NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá SÖLKU skemmtileg og handhæg bók sem heitir Heilsulausnin og er eftir Ána Heiðar Árs-son. Hann er íþróttakennari og einkaþjálfari að mennt og síðastliðin ár hefur hann þróað heildrænt kerfi í þremur stigum fyrir fólk í mismunandi formi. Heilsulausnin byggist á réttu mataræði, markvissri hreyfingu, þrekprófum, heilsuskýrslum og fræðslu. Aðferðin hefur fengið mjög góð meðmæli frá heilbrigðisstéttinni auk þess sem reynslusögurnar í bókinni bera henni skýrt vitni: Markmiðin eru raunhæf og árangurinn varanlegur. Í bókinni er sett upp þriggja mánaða áætlun í máli og myndum um mataræði og æfingar upp á hvern einasta dag sem auðvelt er að fylgja og rétt eins og einkaþjálfari styður bókinn við skjólstæðing sinn, hvetur hann og fræðir.



Spenusagan Síðasti musterisrid-darinn eftir Raymond Khoury sver sig í ætt við bækur eins og Da Vinci lykilinn og hefur fengið afbragðsgóðar viðtökur. Árið 1921 flýr ungur musterisrid-dari Landið helga sem fallið er í hendur Vesturlanda. Hann siglir á brott með dularfulla kistu sem deyjandi meistari Reglunnar hefur treyst honum fyrir. Skipið hverfur sporlaust. Á Manhattan nútímans ráðast fjórir menn á hestum, klæddir sem musterisrid-darar, inn í Metropolitan-safnið þar sem verið er að opna sýningu á fjársjóðum Vatíkansins og hafa á brott með sér dularfullan hlut. Í kjölfarið fer fram rannsókn þar sem FBI-maðurinn Sean Reilly og fornleifafræðingurinn Tess Chaykin sogast inn í myrka og leynda sögu krossfaranna. Þau eru brátt hundelt af miskunnarlausum morðingjum og þeytast í æsispennandi hringiðu hættulegra leyndarmála.

Förlagið JPV gefur út skáldsögu-una Tvíburarnir eftir Tessu de Loo. Bókin kemur beint út í kilju en þarna er á ferðinni kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um tvíburana Lottu og Önnu sem eru aðskildar sex ára gaml-ar. Systurnar missa móður sína á stríðstímum og önnur stúlkanna er send til ættingja sinna í Hollandi á meðan hin fer til afa síns í Þýskalandi. Rúmum áratug síðar hittast stúlkunarnar aftur en þá er Lotta gift tónelskum gyðingi á meðan Anna er heilapvegin af andgyðinglegum áróðri Þriðja ríkisins. Fljótlega skiljast leiðir á ný en tvíburarnir hittast aftur á heilsuhæli á sínum eldri árum og standa þá frammi fyrir því að hatast að eillfu eða reyna að setja sig í spor hvor annarrar. Þýðandi er Jóna Dóra Óskarsdóttir.



Hver var Freyja?

Ingunn Ásdísardóttir, þjóðfræðingur og þýðandi heldur fyrirlestrar á vegum Snorrastofu í Reykholti á morgun. Ingunn fjallar þar um ímynd og hlutverk Freyju í norrænni heiðni og kallar erindi sitt „Hver var Freyja?“

Ingunn lauk MA-prófi í norrænum fræðum frá þjóðfræðideild Háskóla Íslands árið 2005. Hún starf-aði lengi sem leikstjóri, bæði hjá atvinnuleikhúsum og áhugaleikhúsum. Hún hefur einnig unnið sem bókmenntafræðingur og

þýðandi og hefur meðal annars þýtt mörg fræðirit um trúarbrögð og trúarbragðasögu, auk fjölda skáldsagna og leikrita. Ingunn stundar nú sjálfstæðar rannsóknir í norrænni goðafræði og er þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni um heiðinn sið á Norðurlöndum. Fyrirlesturinn er öllum opinn og fer fram í Bókhöðsal Snorrastofu kl. 20.30 annað kvöld.



INGUNN ÁSDÍSAR-DÓTTIR

Ull í ungum höndum

Nemendum í Rimaskóla er margt til lista lagt en á morgun verður opnuð sýning á textílverkum nemenda í sjötta bekk skólans í menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Kennarar í textílmennt og íslensku við skólann fengu börnunum það verkefni að semja ljóð og síðan áttu þau að gera mynd úr þæfðri ull út frá inntaki ljóðsins. Útkoman er harla glæsileg og óhætt að fullyrða að val verka á sýninguna reyndist mjög erfitt. Efni ljóða og mynda er fjölbreytt og fjalla þau um allt milli himins og jarðar; lífið og tilveruna, fjölskylduna, dýrin, náttúruna og himingeiminn sjálfan.

Sýningin er í Kaffi Bergi og stendur til 6. maí næstkomandi. Í Gerðubergi stendur jafnframt



AÐUGT HUGMYNDAFLUG Nemendur í Rimaskóla sýna ljóð og list í Gerðubergi.

yfir yfirlitssýningu á verkum myndlistarkonunnar Rúrí og lýkur þeirri sýningu einnig 6. maí.

ENVIRONMENTAL PHOTOGRAPHY



NISSAN X-TRAIL



NÁTTÚRULEG HÆFNI FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

ÍSLANDSJEPPI MEÐ ÖLLU

Nissan X-Trail Adventure er ekki bara hentugur fyrir íslenskar aðstæður heldur sérhannaður fyrir þær og fæst hvergi nema á Íslandi. X-Trail Adventure er kröftugur jeppi sem sýnir frábæra frammistöðu við hvaða aðstæður sem er. Stíllinn snýst ekki aðeins um glæsilegt útlit heldur kraft, öryggi og lipurð. Hönnun fram- og afturenda bílsins er miðuð við að akstur í torfærum, grjóti og snjó verði auðveldari og að þú sjáir öll fjögur hornin úr öikumannssætinu og getir stjórnað og lagt af öryggi. Ríkulegur staðalbúnaður og frábærar breytingar frá Arctic Trucks gera þennan jeppa að sannkallaðri kjöreign.

Adventure útfærsla: upphækkun, 29" dekk, bakkvörn, stigbretti og krókur. **Staðalbúnaður:** rafstýrð leðursæti, 17" álfelgur, 4x4, lítað gler, 6 diska geislaspilar, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Komdu og reynsluaktu Nissan X-Trail Adventure, hann er ævintýri á hjólum!

ADVENTURE

Nissan X-Trail Adventure Sport
Verð frá 3.190.000 kr.

Gerðu samanburð, þú finnur hvergi jafn vel útbúinn jeppa á jafn góðu verði!

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíó: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453

Nýtt í bíó

VINKONA HENNAR ER MYRT OG EKKI ER ALLT SEM SÝNIST. HVE LANGT MYNDIR ÞU GANGA?
PERFECT STRANGER
 HALLÉ BERRY BRUCE WILLIS
 MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR MED SÚPERSTJÖRNUNUM HALLE BERRY OG BRUCE WILLIS
LÚXUS

FRAKKLAND Á EKKI MÖGULEIKA
 ROWAN ATKINSON
MR. BEAN'S HOLIDAY
 GLITNIR

★★★★
 "MAGNÞRUNGINN SPENNUTRYLLIR OG SÓNARSPIL SEM GEFUR EKKERT EFTIR"
 VIKTOPP.IS
 "SÓLSKIN ER VEL ÞESS VIRDI AD SJÁ."
 H.J.MBL.

SÓLIN ER AD DEYJA. ER HÆGT AD BJARGA HENNI?
SUNSHINE
 16

★★★★
 "BESTA SCI-FI MYND SÍÐUSTU TÍU ÁRA."
 DÓ.J.KVIMYNDIR.COM

TMNT

Frá framleiðendunum Shrek og Shrek 2
Úti er Svíngrjúki
 L

LA SCIENCE DES REVES
THE SCIENCE OF SLEEP
 7

THE ILLUSIONIST
 L

HOT FUZZ
 16

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

PERFECT STRANGER kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA
 PERFECT STRANGER SYND Í LÚXUS kl. 5.30, 8 og 10.30
 SUNSHINE kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
 MR. BEAN'S HOLIDAY kl. 5, 7, 9 og 11
 ÚTI ER ÆVINTYRI ISLENSKT TAL kl. 4
 TMNT kl. 4, 6, og 8 B.I. 7 ÁRA
 SCHOOL FOR SCOUNDRELS kl. 10

SUNSHINE kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
 THE SCIENCE OF SLEEP kl. 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
 ÚTI ER ÆVINTYRI ISLENSKT TAL kl. 6
 TMNT kl. 6 B.I. 7 ÁRA
 SCHOOL FOR SCOUNDRELS kl. 5.45, 8 og 10.15
 THE ILLUSIONIST kl. 8 og 10.15

PERFECT STRANGER kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
 HOT FUZZ kl. 10 B.I. 16 ÁRA
 SCHOOL FOR SCOUNDRELS kl. 8
 ÚTI ER ÆVINTYRI ISLENSKT TAL kl. 6
 TMNT kl. 6 B.I. 7 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGINN Á **mid.is**

450 kr. í bíó!
 Glæði á skólum og í daglegum lífi með myndum og myndum
mid.is Lúxus, Dó, J.K.Vi, Topp, Tix, BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

HEIMSFROMSYNING

ROWAN ATKINSON
MR. BEAN'S HOLIDAY
 ANHAR ÞESSARA TVEGGJA
 HEFUR HELA Á STAND VÍÐ HRETTU!

HVE LANGT MYNDIR ÞU GANGA?
 HALLÉ BERRY BRUCE WILLIS
PERFECT STRANGER
 MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR MED SÚPERSTJÖRNUNUM HALLE BERRY OG BRUCE WILLIS SAMT GIOVANNI RIBISI

Synd kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16

Synd kl. 6 og 10.30

Frá framleiðendunum Shrek og Shrek 2
Úti er Svíngrjúki

HOT FUZZ
 NY-GAMMALT FRÁ SÓM OG GERDU
 SYND KL. 8 OG 10.20 B.I. 16

Synd kl. 6 M/VISL TALU

MIDASALA ÖPNAR KL. 5.30

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Marcia Cross úr Aðþrengdum eiginkonum er hæstánægð með lífið eftir að hún varð mamma. Hún segir móðurhlutverkð meira að segja betra en hún hefði þorað að vona og kvartar ekki yfir álaginu sem fylgir því að eiga tvíbura. „Ég svíf á bleiku skýi. Mig hefur lengi langað að komast í mömmuklúbbinn og nú þegar ég er komin inn líður mér meira að segja betur en ég hefði ímyndað mér,“ segir hún í viðtali við People-tímaritið. Marcia er 45 ára. Hún eignaðist tvíbura 20. febrúar síðastliðinn. Þrátt fyrir alla hamngjuna býst hún ekki við að eignast fleiri börn. „Ég held ég sé hætt. En ég skil vel fólk sem heldur bara áfram og áfram.“

KVIKMYNDAKLÖBBURINN
EJALA KÖTTURINN
MÁNUDAGUR 16. APRÍL
TJARNARBIÓI
SKRÁNING
FILMFEST.IS
 STENDUR YFIR

KLUKKAN 19.00
1974
 SNEIÐMYND ÚR SVEITINNI (1974, *Un partie de campagne*) (FRA), Raymond Depardon, 2002.

KLUKKAN 21.00
BLAÐAMENN
(Reporters), (FRA), Raymond Depardon, 1981.



DEEP PURPLE Rokksveitin ódauðlega heldur tónleika í Laugardalshöll 27. maí.

Veisla fyrir augu og eyru

Rokksveitin ódauðlega Deep Purple heldur sína fjórðu tónleika hér á landi í Laugardalshöll 27. maí ásamt Uriah Heep. Freyr Bjarnason spjallaði við hljómborðsleikarann Don Airey, sem var rétt að ná sér niður eftir tónleika í Bari á Ítalíu kvöldið áður.

Don og félagar spiluðu fyrir framman fimm þúsund manns í Bari, sem eru örlítið færri áhorfendur en munu hlýða á þá í Höllinni í maí. Hann segir að tónleikarnir hafi gengið frábærlega vel. „Við erum búnir að spila í Albaníu, Sikiley og Parma og það hefur gengið ótrúlega vel. Það eru spennandi hlutir að gerast hjá Deep Purple og ég get varla lýst því hvernig viðbrögðin hafa verið. Það hafa líka mætt mun yngri tónleikagestir en vanalega,“ segir Don.

Með forsætisráðherra Albaníu
 Að sögn Dons hefur verið mjög gaman að ferðast með Deep Purple út um allan heiminn. „Við fáum alltaf mjög góðar viðtökur og erum látnir skrifa nöfnin okkar á alls konar hluti. Við erum mjög

uppteknir og höfum engan tíma til að setjast niður og spá í hvort maður ætti að vera að gera eitthvað annað,“ segir hann. „Í síðustu viku borðuðum við morgunmat með forsætisráðherra Albaníu. Við vorum í Parma og ákváðum að fara í ferð til parmesan-verksmiðjunnar þar sem þeir búa til ostinn. Það var merkileg sjón.“

Frábært á Íslandi

Don segist vel muna eftir síðustu tónleikum Deep Purple á Íslandi, sem voru í Laugardalshöll árið 2004, tvennir talsins. „Ég ætlaði að fara í bátsferð en veðrið var of vont. Ég fór að sjá fallegar kirkjur og sitthvað fleira. Tónleikarnir voru líka frábærir.“

Deep Purple spilaði fyrst hér á landi árið 1971 og ef tónleikarnir árið 2004 eru taldir með hefur hljómsveitin selt fleiri miða á Íslandi en nokkur önnur erlend sveit, sem verður að teljast ansi góður árangur.

700 tónleikar

Deep Purple, sem var stofnuð undir nafninu Roundabout árið 1968, á sér langa og merkilega sögu en ásamt Led Zeppelin má segja að Deep Purple hafi skilgreint hugtakið þungarokk. Smellir eins og Black Night, Hush, Child

in Time og Smoke on the Water greiddu götu Deep Purple bæði í Bretlandi og í Ameríku.

Don gekk til liðs við sveitina árið 2002 og hefur ekki séð eftir því. „Þetta hefur verið alveg frábært. Við höfum gert tvær mjög góðar plötur og spilað á yfir 700 tónleikum. „Í flestum hljómsveitum þarf maður að vera virkilega tilbúinn fyrir þrjú til fjögur lög á tónleikum en hjá Deep Purple þarf maður alltaf að vera á tánum,“ segir hann. „Við spilum alls konar lög. Auðvitað eru þessi sígildu alltaf til staðar eins og Smoke on the Water og Highway Star. Við spilum líka nokkur lög af nýju plötunum og önnur minna þekkt eins og The Battle Rages On.“

Umlykja áhorfendur

Don lofar hörkutónleikum í Laugardalshöllinni. „Þetta verður veisla fyrir augu og eyru. Við munum umlykja áhorfendur með tónum okkar og ljósadýró.“

Eftir tónleikana á Íslandi mun Deep Purple spila fram í lok maí. Eftir það tekur við frí í júní en síðan heldur tónleikaferðin áfram í júlí og ágúst. Því næst er aldrei að vita nema lagst verði í gerð nýrrar plötu. Enn eru til miðar á tónleikana í Höllinni og fer miðasala meðal annars fram á mid.is.

Gael García Bernal Charlotte Gainsbourg Alain Chabat Miou-Miou

THE SCIENCE OF SLEEP

LA SCIENCE DES REVES
 SYND Í REGNBOGANUM

„Sjónræn veisla“
 - Glenn Kenny, Premiere

„Bernal er sjúklega myndinn!“
 - Ethan Alter, TV Guide

„Þú verður að sjá hana til að trúa!“
 - Sally Foster, Film Threat

OF SLEEP
 Film by Michel Gondry

1 Ekkert hló 2 Minna af auglýsingum 3 Engin truflun

græna ljósið
 - Ekki hla á gögnum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ



ANNAR ÞESSARA TVEGGJA
HEFUR HEILA....
...Á STÆRÐ VIÐ HNETU!

ROWAN ATKINSON
MR. BEAN'S HOLIDAY



Disney
MEET THE ROBINSONS

VIP
DIGITAL
3D



STRANGLEGA BÖNNUD BÖRNUM

Börn sjá meira en fullorðnir gera sér grein fyrir!

THE MESSENGERS

Háspenna, lífshættu frá Pang Bræðrum.



25
SAVBIÓN

MATT DAMON ANJELINA JOLIE ROBERT DE NIRO

Úrvalslíð leikara í magnaðri kvikmynd undir tryggt leikstjórn Robert DeNiro

THE GOOD SHEPHERD

Ósögð saga öflugustu leyfjónustu fyrr og síðar, CIA.



WILD HOGS



DIANE KEATON MANDY MOORE
BECAUSE I SAID SO



HOT FUZZ

Háskólabíó

THE GOOD SHEPHERD	kl. 6 - 9 - 10:30	B112	WILD HOGS	kl. 8:15 - 10:30	B17
BECAUSE I SAID SO	kl. 6 - 8:15 - 10:30	Leyfð	300.	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B116
MRS POTTER	kl. 5:40 - 8	Leyfð	THE GOOD GERMAN	kl. 5:30	B116

SAVBIÓN / ÁLFABAKKA			
THE GOOD SHEPHERD	kl. 8 - 10:10	B112	
GOOD SHEPHERD VIP	kl. 5 - 8		
THE MESSENGERS	kl. 6 - 8 - 10:20	B116	
MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 4 - 6 - 8 - 10:30	Leyfð	
HOT FUZZ	kl. 10:30	B116	

SAVBIÓN / KRINGLUNNI			
THE MESSENGERS	kl. 6 - 8 - 10:30	B116	DIGITAL-3D
ROBINSON FJÖLSKYLDAN	kl. 6	Leyfð	DIGITAL-3D
MEET THE ROBINSONS	kl. 8:10	Leyfð	DIGITAL-3D
BECAUSE I SAID SO	kl. 8 - 10:20	Leyfð	DIGITAL
300.	kl. 10	B116	
NORBIT	kl. 5:50	Leyfð	

SAVBIÓN / KEFLAVÍK			
MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 8 - 10	Leyfð	
CHAOS	kl. 8	B116	
SMOKING ACES	kl. 10:10	B116	

SAVBIÓN / AKUREYRI			
MEET THE...	kl. 6	Leyfð	
THE MESSENGERS	kl. 8 - 10	B116	
MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 6 - 8	Leyfð	
WILD HOGS	kl. 10	B17	



FÆKKAR FÖTUM Natalie Portman ætlar að koma fram nakin í næstu kvikmynd sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Portman kemur nakin fram

Leikkonan Natalie Portman hefur fallist á að leika í kvikmyndinni Goya's Ghosts en ákvörðunin reyndist henni erfíð þar eð hún þarf að fækka fötum í kvikmyndinni. Ástæðan fyrir því að Portman er tilbúin að koma fram nakin er sú að hún vill breyta um ímynd, vill að fólk hætti að líta á sig sem táning. „Ég er samt ekki að reyna að sanna neitt, ég lifi bara lífi mínu og geri það sem mér finnst rétt,“ segir hin 25 ára leikkona.

Hver er Pétur Björn Jónsson?

Það var þétt setinn bekkurinn á Nasa á föstudagskvöldið þegar sænska hljómsveitin Peter Bjorn and John steig á stökk. Steinþór Helgi Arnsteinsson var mættur á staðinn.

Sprengjuhöllin hóf leikinn á Nasa þetta ágæta föstudagskvöld sem átti eftir að verða eftirminnilegt. Nokkur tæknileg vandamál urðu á vegi Sprengjuhallarinnar en hún bætti það upp með sinni einstöku spilageði. Salurinn var reyndar

nær tómur þegar Sprengjuhöllin steig á stökk en undir lokin höfðu fleiri bæst í hópinn og stuðið því fínt. Næstur var Pétur Ben en með framkomu sinni sannaði Pétur hversu stórfenglegur skemmtikraftur hann er. Með kassagítarinn einan að vopni hitaði Pétur skarann upp svo um munaði og var framúrskarandi.

Ekki leið á löngu áður en aðalhljómsveit kvöldsins, Peter Bjorn and John, tólti síðan inn á sviðið. Þarna voru þeir þremmingarnir mættir; Peter á gítar, Björn á bassa og John á trommur. En nei, bíddu, þetta var ekki John á trommunum! Þetta voru þá bara Peter Bjorn og síðan einhver á trommunum. Sá reyndar stóð sig með stakri þryði og því var John-söknuðurinn ekki mikill.

Þrátt fyrir að plata sveitinnar, Writer's Block, sé mín uppáhalds frá síðasta ári náði Peter Bjorn og ónefndur að fara fram úr mínum björtustu vonum á tónleikumunum. Efni af fyrrnefndri plötu var eins og gefur að skilja áberandi en annars spilaði sveitin lög af öllum þrem plötum sveitarinnar. Salurinn tók lögnum fagnandi enda vel fullur og stemningin fín. Þannig ætlaði allt um koll að keyra þegar blísturslagið ógurlega, Young Folks, tók að óma enda líkegt að það hafi verið eina lagið sem meginþorri áhorfenda hafði heyrt með sveitinni.

FLOTTUR Pétur Ben og Sprengjuhöllin hituðu upp og stóðu sig vel.



Flutning lagsins verður líklegast að nefna sem einn af hápunktum kvöldsins. Ekkert toppaði þó flutning sveitarinnar á laginu Up Against the Wall sem var lagið fyrir upplapp. Hressilega uppbyggð lag, alveg ótrúlega þétt og sveitin spilaði það af jafnvel enn meiri ákefð og krafti en á plötunni.

Ég held að það verði ekki annað sagt en að allir hafi fengið eitt-hvað fyrir sinn snúð á tónleikumunum enda flestir skælbrosandi þegar þeir gengu út. Löng bið-

Meiri blús, minni sýra

Detroit-sveitin The Stooges kom saman aftur fyrir fjórum árum og hefur verið að spila saman síðan, meðal annars í Hafnarhúsinu í fyrra. Þrír af upprunalegu meðlimunum, Iggy Pop og bræðurnir Ron og Scott Asheton, eru í bandinu í dag. Iggy syngur, Ron spilar á gítar og Scott á trommur, en fyrrum Minutemen-bassaleikarinn Mike Watt er kominn í stað þess fjórða, Dave Alexander sem lést árið 1975. Auk þess spilar saxófónleikarinn Steve Mackay á nýju plötunni, en hann vakti mikla athygli fyrir sinn hlut á Funhouse á sínum tíma.

Fyrstu þrjár Stooges-plöturnar, The Stooges (1969), Funhouse (1970) og Raw Power (1973), eru allar á meðal merkustu verka rokk-sögunnar og hafa haft mikil áhrif á þær kynslóðir rokkónlistarmanna sem hafa komið fram síðan þær komu út. Það átti enginn von á því að The Weirdness yrði jafn mögnuð og fyrri plöturnar og það er hún sann-



arlega ekki. Í fyrsta lagi hafa þrjár fyrstu plöturnar hver sín sérkenni á meðan The Weirdness reynir bara að endurskapa hljóm fortíðarinnar. Í öðru lagi eru lagasmíðarnar ekki jafn sterkar og í þriðja lagi hafa textarnir ekki sama vægi.

Þrátt fyrir þetta er The Weirdness ekkert slæm plata. Það er enn gaman að Stooges-sáandinu og þó að tilþrif bræðranna Ron og Scott hljómi ekki jafn byltingarkennd í dag og fyrir tæpum fjórtíu árum er samt gaman að hlusta á þau ennþá. Steve Albini stjórnar upptökunum og hljómurinn er þar af leiðandi fín, trommusáandið er til dæmis frábært. Ef það er hægt að tala um einhverja breytingu á tónlistinni þá má kannski segja að það sé aðeins minni sýra í þessum nýju Stooges lögum og aðeins meiri blús. The Weirdness gleður gamla Stooges-hunda, en aðrir ættu frekar að snúa sé að gömlu meistara-Verkunum. Trausti Júlíusson

TÓNLIST
The Weirdness
The Stooges
★★★★

Þó að platan standi gömlu meistara-Verkunum langt að baki er á henni nóg af tilþrifum til að gleða gamla aðdáendur.

Vildu ekki aðra Díönu

Ákvörðun Vilhjálms Bretaprins að hætta með kærustu sinni til fimm ára, Kate Middleton, var tekin á leynilegum fundi hjá konungsfjölskyldunni. Breska blaðið News of the World greinir frá þessu og segir að Elísabet drottning hafi við þetta tækifæri sagt Vilhjálmi að binda enda á sambandið. „Ekki flýta þér upp að altarinu - við viljum ekki aðra Díönu,“ sagði drottningin á fundinum. Vilhjálmur tilkynnti fjölskyldu sinni að hann væri ekki tilbúinn að ganga í hjónaband að svo komnu máli, hann vildi einbeita sér að ferli sínum innan hersins. Á fyrrnefndum fundi voru flestir meðlimir konungsfjölskyldunnar sammála um að eftir fimm ára samband ættu þau Vilhjálmur og Kate að vera viss um hvert sambandið stefndi. Fyrst prinsinn hefði efasemdir sem þessar væri best að binda strax endi á sambandið. „Þú getur gekki verið með hana í eftirdragi að eilífu,“ sagði Filippus drottningarmaður við þetta tækifæri.

EINHLEYPUR PRINS
Ákvörðun um að Vilhjálmur prins hætti með Kate Middleton var tekin á leynilegum fundi hjá bresku konungsfjölskyldunni.

> Friða sexfaldur meistari

Gerplustúkan Friða Rún Einarsdóttir varð um helgina sexfaldur Norðurlandameistari í stúlknaflökki á Norðurlandamóti unglunga í áhaldafimleikum sem fram fór í Danmörku. Friða Rún vann fjölþrautina á laugardaginn og var einnig í sigurlíði Íslands í liðakeppni stúlkna. Friða vann síðan einnig gull fyrir stökk, æfingar á jafnvægisslá, æfingar á tvislá og gólfæfingar í úrslitum á einstökum áhöldum í gær.



sport
sport@frettabladid.is

GYLFI EINARSSON: ER LOKSINS ORÐINN LEIKFÆR EN FÆR EKKI AÐ SPILA HJÁ LEEDS

Gylfi er þögull um framtíð sína hjá Leeds

Leeds vann um helgina mikilvægan 1-0 sigur á Burnley í ensku 1. deildinni. Liðið er enn í fallsæti en getur með fleiri sigrum vel tryggt sæti sitt í deildinni. Einn íslenskur knattspyrnumaður er á mála hjá Leeds, Árbæingurinn Gylfi Einarsson. Hann er ekki í náðinni hjá Dennis Wise, stjóra liðsins, og var sem fyrr ekki í leikmannahópi liðsins um helgina.

„Ég er orðinn algerlega leikfær og heill af mínum meiðslum,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið. „Það er hins vegar einhver skortur á því að maður fái að spila.“ Hann á enn eitt og hálf ár eftir af samningi sínum við liðið og því staðan ekki þægileg fyrir hann. „Ég vil í raun sem minnst segja um þetta mál einmitt núna,“ sagði Gylfi spurður um hvað hann vildi gera í lok tímabilsins. „Ég er vissulega

búinn að vera mikið meiddur og finnst að ég eigi að vera í liðinu, allavega í hópnum. Ég spilaði síðast gegn Hull fyrir 2-3 mánuðum og hef ég komið inn á sem vara- maður í þremur leikjum í vetur.“ Gylfi segir að forráðamenn Leeds hafi heldur ekki viljað lána sig til annarra félaga.

„Mér skilst á umboðsmanni mínum að félaginu hafi borist einhverjar fyrirspurnir en það hefur ekki viljað lána mig neitt. Ég hef nú ekki farið fram á það sjálfur að vera lánaður til annars félags. Ég vil spila fyrir Leeds enda höfum við komið okkur vel fyrir hér.“



Hann kann engar skýringar á því af hverju félagið vilji ekki nota sig í leikjum Leeds né heldur lána sig annað. „Þetta er furðulegt mál. Það virðist alltaf einhver pólitík fylgja þessum málum í Englandi og maður veit ekki alltaf hvað maður á að halda. Ég vil bara fá að spila fótbolta og er þetta ástand orðið frekar þreytandi. Ég er búinn að eyða svo miklum tíma í meiðsli síðan ég kom til Leeds að þegar ég er loksins orðinn klár vil ég bara fá að spila.“

Hann fæst þó ekki til að segja hvort hann vilji fá sig lausan undan samningi sínum í sumar. „Ég ætla að leyfa tímabilinu að klárast og ætla svo að sjá til hvað gerist.“



MIESTARALIÐIÐ Kiel vann bikarinn í fyrsta sinn í sjö ár. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýski bikarinn í handbolta: Kiel meistari

HANDBOLTI Kiel er þýskur bikar-meistari í handbolta eftir 33-31 sigur á Kronau/Östringen í úrslitaleiknum í gær.

Frakkarnir Thierry Omayer og Nikola Karabatic voru bestu menn Kiel í úrslitaleiknum, sem byrjaði ekki vel því Kiel lenti mest sex mörkum undir í fyrri hálfleik. Omayer varði frábærlega í markinu og landi hans Karabatic sem skoraði 13 mörk í undanúrslitaleiknum og síðan 12 mörk í úrslitaleiknum. Þetta var fyrsti bikarmeistaratitill Kiel síðan árið 2000.

Sagan er með KR-ingunum í kvöld

KR-ingar geta orðið Íslandsmeistarar í kvöld með sigri á Njarðvík í fjórða leik lokaúrslita Iceland Express-deildar karla. Þeir hafa alltaf nýtt tækifærið að tryggja Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli.

KÖRFUBOLTI KR-ingar geta orðið Íslandsmeistarar í tíunda skiptið vinni þeir fjórða leik lokaúrslita Iceland Express deildar karla sem fram fer í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 20.00 í DHL-Höllinni í Frostaskjól.

KR-ingar hafa unnið fjögurra stiga sigra í síðustu tveimur leikjum þar sem þeir hafa verið undir mestan hluta leiksins en unnið lokaleikhlutann, 24-14 í öðrum leiknum og 28-17 í þriðja leiknum.

KR-ingar hafa söguna með sér í kvöld. Tvö síðustu lið sem hafa verið í sporum KR-inga í kvöld hafa tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sannfærandi sigrum. Þetta eru lið Keflavíkur 2004 og svo lið KR-inga sem varð síð-

ast meistari árið 2000. Í báðum tilfellum voru liðin ekki með heimavallarrétt og byrjuðu á því að tapa fyrsta leik á útivelli.

KR-ingar hafa líka nýtt bæði tækifærin sín til þess að tryggja sér titilinn á heimavelli því þeir unnu alla þrjá leiki sína gegn Keflavík í úrslitunum 1990 þar sem þriðji leikurinn vannst 80-73 á heimavelli þeirra.

Vorið 2000 mættu KR-ingar Grindvíkingum í lokaúrslitunum og töpuðu 67-64 í fyrsta leik í Grindavík. KR vann annan leikinn 83-55 á heimavelli og komst síðan í lykilstöðu með 78-89 sigri í þriðja leiknum í Grindavík.

KR-ingar tryggðu sér svo titilinn með 88-63 sigri á heimavelli



SYNGJA TIL SIGURS Stuðningsmenn KR-inga hafa sett mikinn svip á lokaúrslitin.

VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN


í fjórða leiknum í leik þar sem Grindvíkingar voru þremur stigum yfir í hálfleik, 31-34. KR-ingar unnu seinni hálfleikinn 52-29. Brenton Birmingham, núverandi leikmaður Njarðvíkur, var í aðalhlutverki í Grindavíkurlíðinu.

Vorið 2004 mættu Keflvíkingar Snæfellingum í lokaúrslitunum og töpuðu 80-76 í fyrsta leik

í Stykkishólmi. Keflavík vann annan leikinn 104-98 á heimavelli og var síðan með pálmann í höndunum eftir 65-79 sigri í Hólminum. Keflavík tryggði sér síðan titilinn með 87-76 sigri í Keflavík.

ooj@frettabladid.is

Hagsýnn Íslendingur velur praktískan og fallegan bíl
Núna Mazda6
Frábær í endursölu





SIGURBROS Jose Mourinho hrósaði Michael Ballack eftir leik og lýsti honum sem sónnum sigurvegara. Hér til vinstri fagnar hann marki sínu ásamt Salomon Kalou. Á myndinni hér fyrir neðan sést Jose Mourinho gefa sínum mönnum góð ráð fyrir framlenginguna.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Draumaúrslitaleikur í ensku bikarkeppninni:

Ballack kom Chelsea í úrslitaleikinn

FÓTBOLTI Knattspyrnuáhugamenn fá draumaúrslitaleik í ensku bikarkeppninni eftir að Chelsea fylgdi í fótspor Manchester United frá því á laugardag og tryggði sér í gær sæti í bikarúrslitaleiknum sem fer fram á Wembley 19. maí.

Chelsea fór þó ekki eins auðveldlega gegnum undanúrslitaleik sinn og United og þurfti framlengingu til að slá út lið Blackburn.

Það var Þjóðverjinn Michael Ballack sem tryggði Chelsea sæti í fyrsta úrslitaleiknum á nýja Wembley-leikvanginum. Ballack fylgdi eftir skoti Salomon Kalou á 109. mínútu. Frank Lampard hafði komið Chelsea yfir í fyrri hálfleik en Jason Roberts jafnaði í seinni hálfleik.

